

HELGI HELGASON

Hefur ekið sorpbíl í hartnær þrjátíu ár

Vinnuvélar Græjur
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Leyndir gallar í lögnum eru hitamál

Sérblað um fasteignir
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SVERRIR STORMSKER

Horfir til fjarlæggra landa

Stefnir á yfirráð í Asíu
FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. febrúar 2007 – 35. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Úr Meistara í pólitík

Jónas Örn tekur sæti á lista Röskvu.


FÓLK 34



Semur fyrir Beyoncé

Hinn hálf-Íslenski Amund Bjorklund slær í gegn hjá poppstjórnum.

FÓLK 34



KlIPA aðstoðarmannsins

„Illugi Gunnarsson ætti því að sýna sjálfum sér og sjónvarpsáhöfundum þá háttvísi að sitja heima næst þegar Baugsmál ber á góma,“ segir Hallgrímur Helgason.

Í DAG 16


Þýskaland heimsmeistari

Þjóðverjar urðu í gær heimsmeistarar í handbolta eftir sigur á Pólverjum í úrslitaleik.

ÍÞRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA BJART VEÐUR Í dag verða norðan 5-10 við austurströndina, hvassast á annesjum, annars yflrleitt hægari. Víða bjartviðri en þó skýjað og stöku él við suður- og susturströndina. Frost 0-8 stig, mildast með suðurströndinni.

VEDUR 4

Glæfrasingling skipa verður rannsókuð

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra telur óhjákvæmilegt að rannsaka glæfrasinglingu tveggja flutningaskipa. Forstjóri Landhelgisgæslunnar telur að kyrrsetja eigi skipin meðan á rannsókn stendur, leyfi lagaheimildir slíkt.

ÖRYGGISMÁL „Ég held að það sé með öllu óhjákvæmilegt að þessar siglingar flutningaskipanna hér við land verði rannsakaðar sérstaklega,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, spurður um tvö alvarleg dæmi um siglingar flutningaskipa við landið á síðustu vikum. Hann telur upplýsingar Landhelgisgæslunnar haldgóðar og gefi fulla ástæðu til rannsókna.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið á þriðjudag frá siglingum tveggja flut-

ingaskipa sem voru með þeim hætti að engu mátti muna að stórslys hlytist af. „Umrædd áhöfn getur talist heppin að hafa komist þarna yfir án áfalla,“ segir í álitgerð Landhelgisgæslunnar til Sturla Böðvarssonar um atvikið. „Það verður að gera þá kröfu til skipafélaganna og jafnvel þeirra sem eru að miðla þessari þjónustu, að þeir sjái til þess að ekki sé stunduð glæfrasingling hér við land. Við höfum ekki efni á því að verða fyrir þeim skakkaföllum sem af þessu getur hlotist,“ segir Sturla.

Inntur eftir því hvort sérstök rannsókn sé nauðsynleg á siglingum skipanna tveggja sem um ræðir segir Georg Lárusson að hafa verið í huga að slíkr rannsókn yrði á forræði Siglingastofnunar. Georg segir að sennilega séu þessi skip væntanleg til landsins á nýjan leik og telur þá koma til greina að kyrrsetja þau á meðan rannsókn stendur yfir, leyfi lagaheimildir slíkt. „Það getur enginn talið siglingar þessara skipa eðlilegar og full ástæða til að leita svara við því hvernig þetta getur gerst.“

- shá / sjá síðu 6

Stórvirki í burðarliðnum: Íslendingar rita sögu Kaupmannahafnar

SAGNFRÆÐI Sagnfræðingarnir Jón Þ. Þór og Guðjón Friðriksson hafa verið ráðnir til að skrifa sögu Kaupmannahafnar sem höfuðborgar Íslendinga um margra alda skeið. Tilkynna á um þetta verkefni í Kaupmannahöfn á föstudag. Hvorki Jón né Guðjón vilja gefa upp fyrr en þá hver stendur að baki útgáfunni en staðfesta báðir að þeir hafi tekið verkið að sér.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður um margra binda rit að ræða sem ná mun aftur til þess tíma að samband þjóðanna hófst og til 1918 þegar Íslendingar öðluðust fullveldi.

Guðjón Friðriksson hefur þrisvar hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin. Jón Þ. Þór skrifaði meðal annars Sögu sjávarútvegs á Íslandi.

- gar



LJÓT AÐKOMA Mikil mildi var að ekki fór verr þegar bíll fór yfir á öfugan vegarhelming á Miklubraut, valt og hafnaði framán á bíl frá ferðabjónustu fatlaðra. Fjórir voru fluttir á slyssadeild en þótt ótrúlegt megi virðast sluppu allir án alvarlegra áverka.

Þjónustubíll fyrir fatlaða í slysi: Fjórir á sjúkrahús eftir bílslys

SLYS Fjórir voru fluttir á sjúkrahús til rannsókna eftir að lítill fólksbíll fór yfir á öfugan vegarhelming á Miklubraut rétt austan við Réttarholtsveg um áttaleytið í gærkvöld, valt og hafnaði framán á bíl frá ferðabjónustu fatlaðra. Betur fór þó en á horfðist því enginn mun hafa slasast alvarlega þótt ekki liggi fyrir nákvæmlega hver meðsl fólksins voru.

Tvennt var í fólksbílnum og ökumaður og einn fatlaður einstaklingur í hinum bílnum. Fólksbíllinn sem valt er gjörónýtur en ferðabjónustubíllinn skemmdist mun minna.

Tafir urðu á umferð í báðar áttir á Miklubrautinni vegna slyssins langt fram á áttunda tímenn. Mikki eldsneyti fór á götuna að sögn slökkviliðs og tók talsverðan tíma að þrifa það upp. Ekki þurfti að beita klippum til að ná fólki úr bílnum.

- sh

Viðbrögð við nýjustu loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna:

Ný alþjóðastofnun refsir skussum

PARÍS, AP Fjórutíu og fimm ríki hafa lýst yfir stuðningi við tillögu Frakka um að sett verði á stofn ný alþjóðleg umhverfisstofnun, sem hefði vald til að fylgja eftir samþykktum um ráðstafanir til að hægja á hlýnun loftslags og öðrum náttúruverndaraðgerðum. Hugmyndin er sú að hin nýja stofnun hefði vald til að ákveða refsiaðgerðir gegn skussum.

Í hópi stuðningsríkja tillögunnar eru ekki þau ríki að finna sem losa langmest magn gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, svo sem Bandaríkin, Kína eða Indland. Ísland er heldur ekki á listanum.

Frönsk stjórnvöld settu fram tillöguna að stofnun hinnar nýju



HLÝNUN Hnattlíkan sem sýnir væntanlegar loftslagsbreytingar á vísindasafni í Tókýó.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

alþjóðastofnunar á laugardag, daginn eftir að sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, birti nýjustu

skýrslu sína, þar sem skýrar er kveðið á um orði en nokkru sinni fyrr um að hlýnun loftslags á jörðinni sé að mestu af mannavöldum. „Þetta er á okkar ábyrgð. Framtíð mannkynsins veltur á því að við grípum tafarlaust til aðgerða,“ sagði Jacques Chirac Frakklandsforseti.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sem nú er jafnframt í formennskuhlutverkinu bæði í Evrópusambandinu og G-8-hópi mestu iðnvelda heims, sagði í viðtali um helgina að hún hygðist leggja til strangari takmörk á útblástursmengun bíla í Evrópusambandinu í því skyni að efla aðgerðir Evrópuríkja gegn loftslagsbreytingum.

- aa/sjá síðu 14

Fagleg og lögleg

þjónusta í boði




Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.



Félag íslenskra snyrtifræðinga

LESTUR MEÐAL 12-49 ÁRA höfuðborgarsvæðið

Mánudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.



Fjölskyldan hjá SPRON

Allt að

68.672 kr.

endurgreiðsla á einstakling

Vilt þú slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2006. Endurgreiðslan nam allt að 68.672 krónum á einstakling í fjölskylduþjónustunni.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.



Endurgreiðsla ársins 2006 samanstendur af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Skráðu fjölskylduna á **spron.is**

og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

Spennandi salatbar

Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum
og settu saman þína máltíð á aðeins

399 kr

til dæmis...



Nacho salat

Nachos, guacamole, veislusalat og tómatsalsa



Tófusalat

Tófú marinerað í ananas og karrísósu, risotto og veislusalat



Krabbasalat

Surami, sýrður rjómi, ferskar kryddjurtir og veislusalat



Núðlusalat

Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur, paprika og salat



Grískt fetasalat

Klettasalat, fetaostur, sólþurrkaðir tómatar og olía



Spínatsalat

Spínat, tortellini með engiferfyllingu, maís, hummus og paprika



Speltpasta salat

Speltpasta, romain salat, fetaostur, paprika og túnfiskur



Franskt pastasalat

Hvítlaukspasta, kús kús, veislusalat og salami



Mexíkanskt baunasalat

Nýrnabaunir, fetaostur, kjúklingabaunir, salami, veislusalat og kjúklingabollur



Heilsusalat

Klettasalat, kjúklingur, kotasæla og maís



Salamisalat

Salami, hvítlaukur, kús kús, brauðteningar og spínat



Skinkusalat

Skinka, fetaostur, romain salat, hnetur og rúsínur



Agúrkusalat

Agúrkur, ætíþistlar, kotasæla, kjúklingur og melónur



Sesar salat

Kjúklingur, parmesan, romain salat brauðteningar og paprika



Ítalskt salat

Tagliatelle, ætíþistlar, skinka, kjúklingabollur og veislusalat



Ávaxtasalat

Melónur, rúsínur, hnetur og klettasalat

Gildir til 7. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÞVOTTADAGAR

EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS



Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



AEG LAVAMAT 76820 ÞVOTTAVÉL með íslensku stjórnborði

- Taumagn: 7 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 s/mín.
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull

AEG LAVATHERM 57820 ÞURRKARI barkalaus með íslensku stjórnborði

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig

TILBOÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ (Áður: Kr. 213.900)

GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:



SAMSUNG

7,5 kg.
SILVER NANO

SAMSUNG Q1457 / Q1657

SAMSUNG þvottavél
1400 snúninga, 7,5 kg.
Óvenju stór tromla – 57,5 l.
Vatnsnotkun 60 l pr. 7,5 kg.
Mjög hláðlátar – aðeins 50. db

TILBOÐ:
Kr. 99.900 (1400 snún.)
Kr. 109.900 (1600 snún.)



SAMSUNG P1253 / B1445

SAMSUNG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
Mjög hláðlátar
Tölvustýrð
Hraðþvottur á aðeins 30 mín.

TILBOÐ:
Kr. 59.900 (1200 snún.)
Kr. 69.900 (1400 snún.)



LAVAMAT 52820

AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnborð

TILBOÐ:
Kr. 69.900
(Áður: Kr. 85.914)



AEG 50862U-W og 50862U-M

AEG uppbvottavél
5 kerfi,
Íslenskt stjórnborð,
Mjög hljóðlát – aðeins 41 db

AEG 50862U-W Hvít
TILBOÐ:
Kr. 79.900
(Áður: Kr. 96.667)

AEG 50862U-W Stál
TILBOÐ:
Kr. 89.900
(Áður: Kr. 107.419)

**GERÐU
HREINLEGA
GÓÐ KAUP!**

ORMSSON

www.ormsson.is

**NÝ TÆKNI
SILVER NANO**
sem drepur bakteríur.
Svitalykt hverfur úr fótunum jafnvel án þvottaefna.
Þetta hefur sérstaklega áhrif á fót sem þarf að þvo við
lágan hita t.d. íþróttaföt.

**Þvottavélar,
þurrkarar og
uppbvottavélar
á TILBOÐSVERÐI!**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
RADIONAUST
SÍMI 461 5000

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

MODEL
AKRANESI
SÍMI 431 3333

ÁRVIRKINN
SELFOSSI
SÍMI 480 1160

PRISTUR
ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

VÍK
NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

VÍK
REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

VÍK
EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

BÓKABÚÐIN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvers konar líkamsvespa tók breskur hárgreiðslumaður upp á að nota sem hárnæringu?

2 Hvaða landsþekkti leikari, spaugari og rithöfundur fagnaði fertugsafmæli sínu í gær?

3 Hvað heitir fráfarandi framkvæmdastjóri Strætós bs.?

SVÖRUN ERU Á Síðu 36

Ekið í veg fyrir sjúkrabíl á leið að sækja fórnarlamb líkamsárásar:

Lenti í hörðum árekstri á leið í útkall

SLYS Sjúkrabíll í útkalli lenti í hörðum árekstri um klukkan fimm í gærmorgun þegar öðrum bíl var ekið í veg fyrir hann. Sjúkrabíllinn var á leið til Þorlákshafnar að sækja mann sem hafði orðið fyrir líkamsárás á dansleik. Sá var svo illa leikinn eftir átökin að lögregla sá sér ekki annað fært en að kalla eftir sjúkrabíl til að flytja hann til aðhlyningar. Meðal annars hafði verið sparkað í höfuð hans.

Slysið varð þegar bíll sem ók á undan sjúkrabílnum beygði til hægri út í vegkant eins og til að hleypa sjúkrabílnum fram úr, en tók því næst vinstribeygju í veg fyrir sjúkrabíllinn með þeim afleið-

ingum að bílarnir rákust mjög harkalega saman.

Enginn slasaðist í árekstrinum en að sögn lögreglu er mikil mildi að ekki fór verr því áreksturinn var mjög harður. Tveir voru í sjúkrabílnum en þeir í hinum bílnum. Sjúkrabíllinn er ónýtur.

Eftir slysið fluttu lögreglu-menn í Þorlákshöfn fórnarlamb líkamsárásarinnar til móts við annan sjúkrabíl sem kom honum undir læknishendur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Hann fékk nokkuð þungt höfuðhögg en að sögn lögreglu er hann ekki talinn alvarlega slasaður.

- sh



SJÚKRABÍLL Enginn slasaðist í árekstrinum og segir lögregla það mikla mildi. Myndin er úr safni.

Annriki á Barnaspítalanum:

Mest að gera á þessum tíma

HEILBRIGÐISMÁL Mikið er að gera á Barnaspítala Hringins þessa dagana en að sögn Sigurðar Kristjánssonar, læknis á spítalanum, nær annrikið yfirleitt hámarki um þetta leyti árs. „Síðustu vikur hefur verið óvenjumikið að gera en ekkert sem við ráðum ekki við,“ segir hann.

Að sögn Sigurðar er RS-veiran mest áberandi hjá þeim börnum sem koma á spítalanum. „RS-veiran er kvefveira sem getur farið illa í minnstu börnin og valdið asmaöndun. Inflúensan er líka í hámarki núna og hún veldur hita og beinverkjum.“ - eð



WILLIAM CALDWELL Sagði skothríð af jörðu niðri hafa grandað þyrlunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður Bandaríkjahers:

Þyrlur voru skotnar niður

ÍRAK. AP Allar þær fjórar bandarísku þyrlur sem hrapað hafa í Írak á undanförunum hálfum mánuði voru skotnar niður. Þetta upplýsti talsmaður Bandaríkjahers í gær. Þetta var í fyrsta sinn sem herinn staðfesti að þyrlurnar – þrjár frá hernum og ein í einkaeigu – hefðu að öllum líkindum verið skotnar niður en ekki hrapað af öðrum orsökum.

Átta manns fórust í tveimur bílsprenjutilræðum í Bagdad í gær, daginn eftir blóðugustu slíku árássina sem gerð hefur verið frá því innrásin hófst. 137 manns fórust í því tilræði á útmarkaði í hverfi sjá á laugardag.

- aa

Bera sjálfir tjón af ofsaveðri

Björgunarsveitarmenn í Grundarfirði fá ekki tryggingabætur vegna tjóns sem varð á einkabílum þeirra er þeir fóru til aðstoðar öðrum íbúum í ofsaveðri á Þorláksmessu. Þeir hafa leitað ásjár bæjaryfirvalda.

BJÖRGUNARSTÖRE „Allir sem voru að störfum þessa nótt nema við eru launaðir og þess vegna finnst mönnum náttúrulega dálítið sárt að þeir skuli þurfa að sitja uppi með fleiri hundruð þúsund króna tjón,“ segir Ketilbjörn Benediktsson, formaður Björgunarsveitarinnar Klakks í Grundarfirði.

Talsvert tjón varð á einkabílum félaga Klakks er sveitin var kölluð út til aðstoðar í ofsaveðri aðfaranótt Þorláksmessu fyrir síðustu jól.

„Við fórum langflest á okkar eigin bílum niður í björgunarsveitarhús og lögðum þar fyrir utan. Um nóttina sogaðist 25 fermetra hluti úr vegg á húsi og brakið fór yfir bílana okkar. Tryggingafélögin bæta það tjón ekki fyrir utan bílrúður sem brotnuðu því vindstyrkurinn fór yfir viðmiðunarmörk sem félögin setja sér. Bæringinn nánast datt úr tryggingu alla þessa nótt,“ segir Ketilbjörn.

Gríðarlegt tjón varð í Grundar-



KETILBJÖRN BENEDIKTSSON

firði í þessu fávíðri. Sumar hviðurnar um nóttina voru geysihvassar, í kring um 50 metra á sekúndu. Sem dæmi um kraftinn nefnir Ketilbjörn að gámur af stærstu gerð hafi klifrað upp eftir hliðinni á næsta gámi og þaðan yfir fimm aðra gáma og einn grjótvegg áður en hann hreinlega fauk út í sjó.

Sjálfur rekur Ketilbjörn bíla- verkstæði í Grundarfirði. Hann giskar á að það tjón sem orðið hafi á þremur bílum björgunarsveitarmanna og sem ekki verði bætt af tryggingafélögum nemi samtals 600 til 700 hundruð þúsund krónum. „Þetta er tjón sem þeir hefðu hugsanlega sloppið við ef þeir hefðu verið heima,“ segir Ketilbjörn.



KLAKKSMENN Björgunarsveitarmenn úr Klakki í útkalli í Grundarfirði.

MYND/SVERRIR KARLSSON

Björgunarsveitarmennirnir í Klakki hafa nú leitað til bæjaryfirvalda í Grundarfirði með ósk um að bæjarsjóður taki þátt í að bæta þeim tjónið. Erindið er litið jákvæðum augum.

„Það er ekki sanngjarnt að ef menn eru að leggja líf sitt og eignir í hættu fyrir samborgarana að þeir standi uppi með fjárhagslegt tjón,“ segir Ásgeir Valdimarsson,

formaður bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar.

Að sögn Ásgeirs er nú verið að taka saman gögn um tjónið. Það eigi einnig við um tjón iðnaðarmanna sem ekki eru í björgunarsveitinni en voru kallaðir til um nóttina og voru á sínum bílum. „Ég á von á því að við komum til móts við þessa menn,“ segir Ásgeir.

gar@frettabladid.is

ÚTSALA

á jeppadekkjum

15-40% afsláttur

Eitt mesta úrval landsins af jeppadekkjum á flestar gerðir jeppa – breyttra sem óbreyttra



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is



Á FLOTI Heil hverfi í Djakarta eru á kafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Monsúnregn í Indónesíu:

Hundruð þúsunda á flóttu

INDÓNESÍA. AP Að minnsta kosti 20 manns hafa látið lífið í flóðum í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, og hátt á fjórða hundruð þúsund íbúar borgarinnar hafa þurft að flýja heimili sín, að sögn talsmanns almannavarnaryfirvalda. Úrhellisrígning undanfarna daga hefur valdið því að ár hafa flætt yfir bakka sína og sett heilu borgarhverfin á kaf.

Hundruð íbúa húsa á flóða-svæðunum hafa ýmist ekki getað eða viljað yfirgefa hús sín, af ötta um eigin sínar, en björgunarsveitir voru í óða önn að koma fólkinu til hjálpar á bátum í gær.

- aa

REYÐARFJÖRÐUR

Eimskip siglir fyrir Alcoa

Alcoa Fjarðaál hefur samið við Eimskip um umfangsmikla flutninga um Reyðarfjarðarhöfn sem verður ein stærsta vöruflutningahöfn landsins. Forstjóra Eimskips og Alcoa Fjarðaáls undirrita samninginn um þetta á Reyðarfirði í hádeginu í dag.



599 kr/pk.
Ostafylltar ýsurúllur



799 kr/kg.
Smálúðuflok



999 kr/kg.
Hornafjarðarhumar



799 kr/kg.
Línuýsa í bitum 1 kg. - roðlaus/beinlaus



199 kr/stk.
Skinney síld 800 ml.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda í dag.
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogis



GRÍMA III Ástralski listamaðurinn Ron Mueck stillir sér upp við risavaxna skúlptúrinn sinn Gríma III sem er til sýnis á Brooklyn-safni. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan á Suðurnesjum: Kærður fyrir að hunsu merkta gangbraut

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum tók tvo ökumenn vegna gruns um ölvunarakstur í umdæmi sínu í fyrrinótt. Þá urðu fjögur minni háttar umferðar-óhöpp þar en engin slys á fólki. Einn var tekinn með lítilræði af kannabisefnum í fórum sínum og karlmaður gisti fangageymslur vegna ölvunar og óspekta á skemmtistað í Reykjanesbæ.

Ökumaður var sektaður fyrir að tala í farsíma án þess að notast við handfrjálsan búnað og annar var kærður fyrir að stöðva ekki fyrir gangandi umferð á merktri gangbraut. Auk þess voru bíleigendur boðaðir í skoðun þar sem þeir höfðu vanrækt að gera slíkt á síðasta ári. - þsj

Talsverður munur á námsárangri drengja og stúlkna í samræmdum prófum:

Árangur stúlkna yfirleitt betri

MENNTAMÁL Talsverður munur mældist enn á námsárangri drengja og stúlkna í niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk haustið 2006. Um 28,6 prósent stúlkna í 7. bekk ná hárra einkunn í íslensku, en aðeins 15,8 prósent drengja. Þetta kemur fram í vefriti menntamálaráðuneytisins.

Einnig er munur á frammistöðu sjöundu bekkinga í stærðfræði eftir kynjum, en ekki jafn mikill. Þannig náðu 24,6 prósent stúlkna hárra einkunn en 21,4 prósent drengja.

Munurinn var einnig til staðar hjá yngri nemendum. Í 4. bekk voru 28 prósent stúlkna með háa

einkunn í íslensku, en 18,8 prósent drengja. Munurinn var þó sama og enginn í stærðfræði, þar sem 22,9 prósent stúlkna náðu hárra einkunn og 22,7 prósent drengja.

Meðaltalið í þessum námsgreinum haustið 2006 var svipað og undanfarin ár meðal fjórðu bekkinga, en meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði var 6,7. Hjá sjöundu bekkjum lækkaði meðaleinkunn í íslensku úr 7,3 í 7,0, og meðaltalið í stærðfræði hækkaði úr 6,9 í 7,3. Segir í vefriti ráðuneytisins að skýringin á betri árangri í stærðfræði virðist vera sú að ákveðnir prófbættir hafi verið léttari.



LEIKUR AÐ LÆRA Nám í stærðfræði og íslensku virðist liggja betur við stúlkum en drengjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki var marktækur munur á námsárangri milli landshluta. - bj

Kaupþing banki:

Gefur út skuldabréf í Kanada

VIÐSKIPTI Kaupþing hefur gefið út skuldabréf í Kanada fyrir hálfan milljarð kanadískra dala, eða sem samsvarar um 30 milljörðum íslenskra króna. Þetta er í fyrsta sinn sem bankinn gefur út skuldabréf þarlendis. Bréfin eru til þriggja ára og bera 4,7 prósent vexti.

Til stóð að gefa út bréf fyrir 300 milljónir kanadadala, en vegna mikillar eftirspurnar, gæða fjárfestahópsins og góðra fjármögnunarkjara var ákveðið að gefa út meira, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá bankanum. Sautján fjárfestum var úthlutað bréfum. - sh

Umhverfisleiðtogi Ísal um mengun frá Straumsvík:

Losun mengandi efna minni en áður

UMHVERFISMÁL Mengun út í andrúmsloftið frá álverinu í Straumsvík verður svipuð eftir stækkun álversins og er nú af allri umferð í landinu. Losun mengandi efna út í andrúmsloftið hefur þó dregist saman hjá Ísal frá árinu 1990 en mengun frá bílaumferð



GUÐRÚN ÞÓRA MAGNÚSDÓTTIR

hefur hins vegar aukist.

Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála hjá Alcan, fjallaði um umhverfisáhrif fyrir og eftir stækkun á fundi hjá Sam-

tökum atvinnulífsins á fimmtudag. „Losunin frá Ísal vó um sextán prósent af heildarlosuninni á Íslandi árið 1990. Hún hefur minnkað niður í átta prósent í dag. Losun frá vegasamgöngum hefur hins vegar aukist úr 15 prósentum í 18 prósent,“ sagði hún.

Guðrún Þóra sýndi niðurstöður frá mælingum þar sem kemur fram að lítið svifryk kemur frá áliðnaðinum í Hafnarfirði. Losun frá þessum iðnaði frá 1990 hafi aukist um rúm 100 þúsund tonn þrátt fyrir stækkun Ísal, tilkomu Norðuráls og stækkun Járnblandifélagsins. „Það hefur náðst gríðarlegur árangur hjá iðnaðinum meðan heildarlosunin frá samgöngunum er að aukast.“ - ghs



ÚRANVINNSLA Unnið að vinnslu úrans til auðgunar í rannsóknarstöðinni í Natanz í Íran. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Eru að smíða úranskilvindur

Erindrekar IAEA staðfesta að Íranar séu að vinna að smíði 3.000 úranskilvinda neðanjarðar. Sérfræðingar segja að Írónum kunni að takast að koma sér upp getu til að framleiða kjarnorkuvopn innan 2–3 ára.

ÍRAN, AP Hundruð verkamanna í Íran vinna nú hörðum höndum að því að smíða úranskilvindur neðanjarðar í kjarnorkurannsóknarstöðinni í Natanz, sem er um 100 km suður af Teheran. Frá þessu greindu erindrekar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg á föstudag.

Í þessum áfanga kjarnorkuáætlunar Írana ætla þeir að koma upp 3.000 úranskilvindum, en með þeim er hægt að auðga úran, bæði til að framleiða eldsneyti til raforkuframleiðslu og efni í kjarnorkusprengrur.

Með smíði nýju skilvindanna bætist enn ein ögrun af hálfu Írana við þær sem á undan hafa komið í hinni langvinnu alþjóðlegu deilu um kjarnorkuáætlun þeirra. Fullvíst má telja að þessar fréttir verði Bandaríkjamönnum tilefni til að enn verði hert á þeim refsiaðgerðum, sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur þegar samþykkt að Íranar skuli beittir, hætti þeir ekki auðgun úrans og sýni Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) fullan samstarfsvilja.

Erindrekar IAEA, sem gáfu AP-fréttastofunni þessar upplýsingar, lögðu áherslu á að vinnan sem hafin væri í Natanz væri aðeins til undirbúnings skilvindu-

smíði. Engin ný skilvinda væri tilbúin til notkunar, enn sem komið væri. Talsmaður kjarnorkuáætlunar Írana tjáði AP að settar hefðu verið upp eftirlitsmyndavélar í neðanjarðarrýminu þar sem skilvindurnar verða settar upp. Þar með álitu Íranar að þeir hefðu uppfyllt skilyrði IAEA fyrir framkvæmdinni.

Jafnvel þótt uppsetning 3.000 skilvinda gangi að óskum áætla sérfræðingar að það kunni að taka Írana nokkkur ár að fá þær til að verka sem skyldi. Takist það, yrðu þeir færir um að framleiða efni í tvær kjarnorkusprengrur á ári með hjálp þessa búnaðar. Langtímamarkmið Írana er að setja upp 54.000 úranskilvindur.

Hugveitan International Institute for Strategic Studies í Lundúnum, sem sérhæfir sig í rannsóknum og ráðgjöf um öryggismál, birti á fimmtudag skýrslu þar sem áætlað er að takist Írónum að halda áætlunum sínum til streitu verði þeir færir um að smíða sína fyrstu kjarnorkusprengru eftir tvö til þrjú ár. Yfirmaður öryggismálastofnunar Bandaríkjanna, John Negroponte, hefur sagt að fjögur til fimm ár væru í að Íranar næðu svo langt.

audunn@frettabladid.is

Góð þjónusta við þig er það sem skiptir okkur mestu máli

1414 - til þjónustu reiðubúin
www.vodafone.is

Gríptu augnablikið og lifðu núna



Álögur á fjármagnstekjufólk:

Eykur tekjur ríkissjóðs

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin undirbýr nú frumvarp sem kveður á um að þeir sem hafa einungis fjármagnstekjur skuli greiða í framkvæmdasjóð aldraðra auk þess sem nýr nefskattur Ríkisútvarpsins verður lagður á þá. Nú greiða þeir hins vegar aðeins tíu prósentu fjármagnstekjuskatt til ríkisins og sleppa við útsvar þótt þeir noti þjónustu sveitarfélagna að fullu.

Gert er ráð fyrir að aukatekjur ríkissjóðs eftir breytingarnar verði um sextán milljónir vegna greiðslna í Framkvæmdasjóð aldraðra og þrjátíu til fjörtíu milljónir vegna nefskattsins. - eð

Kostnaður ríkisins vegna þjóðlendumála hefur farið langt fram úr áætlun á árunum 1998 til 2006:

Kostnaðurinn er hugsanlega um 537 milljónir

ÞJÓÐLENDUMÁL Kostnaður ríkisins vegna þjóðlendumála var 447,2 milljónir á árunum 1998 til 2005. Þetta kom fram á Alþingi í nóvember í svari Árna Mathiesen fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Upphæðin er fundin út með því að uppreikna kostnaðinn á hverju ári til verðlags ársins 2006, miðað við vísitölu neysluverðs. Í svari Árna kom fram að kostnaðurinn væri þrískiptur: kostnaður fjármálaráðuneytis við undirbúning mála, almennur kostnaður óbyggðanefndar og kostnaður við úrskurði. Af þessum þremur liðum er almennur kostnaður óbyggðanefndar hlutfallslega hæstur.

Tölur um kostnað af þjóðlendumálum fyrir árið 2006 liggja ekki fyrir að sögn Halldórs Árnasonar, skrifstofustjóra í for-

sætisráðuneytinu. Ef gert er ráð fyrir að kostnaðurinn í fyrra hafi verið meðaltal árána tveggja þar á undan, 2004 og 2005, bætast við tæpar 90 milljónir: heildarkostnaðurinn verður þá 536,8 milljónir.

Í umsögn um frumvarp til laga um þjóðlendir frá árinu 1998 kemur fram að árlegur rekstrarkostnaður ríkissjóðs af samþykkt frumvarpsins geti numið 8,8 milljónum króna á ári, auk 1,5 milljóna króna stofnkostnaðar. Af þessu sést að kostnaðurinn hefur farið langt fram úr áætlun. - ifv

STAÐA ÞJÓÐLENDUMÁLA Gulu svæðin sýna hvar málsmeðferð er lokið. Grænu svæðin sýna hvar úrskurða óbyggðanefndar er að vænta. Appelsínugulu svæðin sýna hvar málsmeðferð er hafin og hvítu svæðin sýna hvar málsmeðferð er ekki hafin.



ÓRÉTTLÆTI Sigurjón Þórðarson ræðir um leigukerfi aflaheimilda. Einar K. Guðfinnsson hlýðir á.

Sjávarútvegsmál á Alþingi:

Segir verð á leigukvóta út úr korti

STJÓRNMÁL Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra lýsti þeirri skoðun sinni á Alþingi í síðustu viku að verð á leigukvóta væri út úr öllu korti og ekki í samhengi við aðstæður á markaði. Hann gat þess þó að viðskipti með kvóta væru frjáls.

Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, ræddi málið utan dagskrár og fór hörðum orðum um fyrirkomulagið. Sagði hann leiguliða þurfa að greiða gríðarlegar fjárhæðir til að fá að nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar.

Einar sagði nauðsynlegt að takmarka aðgang að fisknum í sjónum og benti á að Sigurjón og flokkur hans væru sömu skoðunar þótt þeir vildu takmarka aðganginn með öðrum hætti en nú er gert. Sagði ráðherra mikilvægt að framsal aflaheimilda væri heimilt þar sem möguleikar til hagræðingar væru annars þrengdir. - bps



HART DEILT KFOR-hermaður í Kosovska Mitrovica. Á vegginn er krotað á albönsku: „Enga samninga – sjálfstæði!“

Utanríkisráðherra Serbíu:

Ætla að kvarta yfir SP-áætlun

SERBÍA, AP Utanríkisráðherra Serbíu sagði í gær að Serbíustjórn myndi standa fast á þeirri kröfu að Kosovo yrði eftir sem áður hluti af Serbíu, hvað svo sem liði áætlun Sameinuðu þjóðanna um framtíðarstöðu héraðsins.

Ráðherrann, Vuk Draskovic, sagði í sjónvarpsviðtali að Serbíustjórn myndi leggja inn kvörtun hjá Sameinuðu þjóðunum til að krefjast breytinga á drögnum að áætluninni, sem sérlegur erindreki SP, Martti Ahtisaari, kynnti fyrir málsaðilum fyrir helgi. Boris Tadic forseti hefur kallað saman fund í dag með leiðtogum allra flokka til að leggja á ráðin um næstu skref. - aa

Viltu vinna lúxusbíósýningu fyrir þig og 27 vini þína?



Sony Ericsson Z530i

Verð aðeins:
14.900 kr.

Kauptu þér glæsilegan Z530i farsíma eða skráðu þig í 0 kr. innan fjölskyldunnar og þú gætir átt lúxussalinn!

Einn heppinn viðskiptavinur verður dreginn út og getur unnið forsýningu í lúxussal fyrir allt að 28 manns á hina frábæru gamanmynd **Music and Lyrics** með Hugh Grant og Drew Barrymore. Dregið verður 15. febrúar.

Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hægt er að kaupa símann í verslunum Símans eða á vefversluninni á siminn.is



FEDGIN Ung kenýsk stúlka veifar til ljósmyndara þar sem hún situr í fangi föður síns í fátækrahverfi í höfuðborg Kenýa, Nairóbí. NORDICPHOTOS/AFP

Sjávarútvegsskóli Sp og Háskólinn á Akureyri kanna þörf fyrir námskeið:

Sérfræðingar heimsækja Sri Lanka

UTANRÍKISMÁL Þrír sérfræðingar frá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og Háskólanum á Akureyri heimsækja umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar á Sri Lanka í byrjun mánaðarins.

Tilgangur ferðarinnar er að kanna þörf fyrir námskeið í gerð verkefnisáætlana og verkefnisstjórnunar hjá sjávarútvegsráðuneyti landsins og stofnunum þess.

Að því er kemur fram í fréttatilkynningu segir Árni Helgason, umdæmissgjafi Þróunarsamvinnustofnunar á Sri Lanka, hugmyndina hafa vaknað í kjölfar námskeiðs um gæðastjórnun og

öryggismál í höfnum á Sri Lanka, sem stofnunin og Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna á Íslandi stóðu fyrir á Sri Lanka síðastliðið haust.

Hann segir að í ferðinni verði einnig kannaður grundvöllur fyrir sérhæfðu námskeiði um gagnabörf í vistrænni fiskveiðistjórnun, en Sjávarútvegsskóli SP stóð fyrir slíku námskeiði á Fíji-eyjum í nóvember.

Í lok ferðarinnar mun hópurinn taka þátt í Vísindaráðstefnu Hafrannsóknastofnunar Sri Lanka sem haldin er af tilefni 25 ára afmælis hennar.

- sps



SRÍ LANKA Í lok ferðarinnar mun hópurinn taka þátt í Vísindaráðstefnu Hafrannsóknastofnunar Sri Lanka.

Litvinenko-málið:

Rússneskir saksóknarar vestur

RÚSSLAND, AP Rússnesk yfirvöld vonast til að fá bráðlega heimild til að senda menn til Bretlands til að rannsaka eitrunardauða fyrrverandi njósnarans Alexanders Litvinenko. Frá þessu greindi rússneska ríkissaksóknaraembættið í gær.

Þegar hefur verið upplýst að rússneskir saksóknarar vilja meðal annars ræða við annan landflótta Rússa í Bretlandi, auðkýfinginn Boris Berezovskí, sem eitt sinn var innundir hjá valdhöfum í Kreml en lenti svo rækilega úti í kuldanum. Berezovskí og Litvinenko áttu það sameiginlegt að gagnrýna núverandi valdhafa eystra heftarlega.

- aa

Farþegum fjölga í strætó:
Ókeypis strætó góður kostur

SAMGÖNGUR Farþegum í strætisvögnum í Reykjanesbæ hefur fjölgað um áttatíu prósent síðan gjaldtöku var hætt í vögnunum. Árni Sigfússon bæjarstjóri segir að börn og unglingar noti vagnana mikið og dregið hafi úr því að foreldrar séu að skutla börnum sínum allt sem þau fara. Gjaldfrjálsir strætisvagnar virðast því vera góður kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða og með aukinni notkun þeirra í stað einkabíla dregur úr mengun vegna útblásturs og svifryks.

Akureyringar lögðu nýlega niður gjaldtöku í strætó og benda fyrstu tölur til sextíu prósentu aukningar farþega. Rætt hefur verið um það innan stjórnar Strætós á höfuðborgarsvæðinu að fara sömu leið til að fjölga farþegum.

- eó

Íbúarnir vilja krána burt

Íbúasamtök í Engihjalla vilja Shooters Sport Bar burt úr hverfinu. Safnað hefur verið undirskriftum meðal íbúa því til stuðnings. Íbúar eru vongóðir um að bæjaryfirvöld og eigendur 10-11 taki erindi þeirra vel.

KÓPAVOGUR Íbúasamtök í Engihjalla í Kópavogi hafa safnað undirskriftum meðal íbúanna þar með kröfu um að hverfiskráin Shooters Sport Bar verði svipt vinnveitingaleyfi, rekstrarleyfi verði afturkallað og henni lokað fyrir fullt og allt. Jafnframt að verslunin 10-11 sem er í sama byggingarkjarna og kráin verði ekki opin að næturlagi eins og nú er. Þetta staðfestir Sigríður Sigurðardóttir, formaður íbúasamtakanna.

„Það stafar mikið ónæði af þessari krá,“ segir Sigríður. „Henni fylgir hávaði og sóðaskapur um helgar. Okkur finnst sorglegt að þarna skuli hópast saman fjölmargir unglingar, bæði fyrir utan krána og inni á henni. Oft eru stórir hópar sem hanga þarna og

þeir koma alls staðar að.“

Kráin er lokað sem stendur þar sem húsnæðið skemmdist af eldi. Unnið er að endurbótum á því, en íbúarnir vilja að kráin verði ekki opnuð aftur á þessum stað.

„Samkvæmt upplýsingum sem ég hef nýlega fengið er kráin ekki með vinnveitingaleyfi,“ segir Sigríður. „Við væntum þess að hún verði ekki opnuð aftur í hverfinu.“

Sigríður undirstrikar að íbúar í Engihjalla séu afar ánægðir með sitt hverfi og þyki gott að búa þar. Þess vegna leggi þeir ofuráherslu á að vandamálinu varðandi starfrækslu krárinnar verði kipt í lag.

Undirskriftirnar verða afhentar þar til bærum forráðamönnum bæjarfélagsins annars vegar og



ENGIHJALLI Í KÓPAVOGI Formaður íbúasamtakanna segir mikinn hávaða og sóðaskap fylgja kránni. Þá hópist þarna saman unglingar að kvöld- og næturlagi.

10-11 hins vegar. Ekki náðist í forráðamenn Shooters Sport Bars til

að heyra þeirra hlið á málinu.

jss@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: afteigur



Jetta

Ríkulega búin Jetta Comfortline

- 6 þrepa sjálfstjórnun · Skriðstillir (Cruise Control) · Armpúði milli framsæta
- Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Spólvörn ASR · Krómpakki · Samlitur
- Loftfrískunarbúnaður (Air Condition) · Pokuljós · og margt fleira.

Vetrardekkjatilboð

Hágæðavetrardekk frá Goodyear að verðmæti 76.000 kr. fylgja og sumardekkinn í skottinu.

84 ára maður í umferðinni:

Ók á dreng í skólamatsal

ILLINOIS, AP Hinn 84 ára gamli Grace Keim olli dauða átta ára drengs í Bandaríkjunum í síðustu viku þegar hann ók í gegnum matsal grunnskóla á leið sinni í ökutíma fyrir eldri borgara. Amanda Wesling, móðir drengsins, hefur nú hafið herferð gegn eldra fólki í umferðinni.

Slysið í vikunni, sem og önnur sambærileg slys þar sem eldri ökumenn komu við sögu, hafa vakið upp spurningar í Bandaríkjunum um það hvenær fólk er orðið of gamalt til að aka bíl, en einhverjar aldurstakmarkanir eru þegar í gildi sums staðar í landinu. - sh

Könnun á kynferðisbrotum gegn heyrnarlausum:

Ekki verið að leita að sökudólgum

KYNFERÐISBROT Könnun sem unnin var á vegum Félags heyrnarlausra, með stuðningi félagsmálaráðuneytisins, um kynferðisafbrot gegn heyrnarlausum einstaklingum beindist ekki að því að finna sökudólga af neinu tagi heldur var hún einungis gerð til þess að styðja og styrkja núverandi félagsmenn.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem félagið hefur sent frá sér.

„Könnunin var gerð til þess að kynnast umfangi vandans svo hægt væri að byggja upp markviss úrræði fyrir þá sem eru í sárum eftir þessa ógnarlegu reynslu,“ segir enn fremur. „Félag heyrnarlausra hefur komið með

tillögur til félagsmálaráðuneytisins um lausn á þessum vanda. Það hefur einnig unnið að því að fá fagfólk sem vinnur innan þessa sviðs þjálfað til að veita heyrnarlausum þjónustu. Enn fremur hefur verið hafinn undirbúningur að fræðslu- og forvarnarstarfi innan samfélags heyrnarlausra til að koma í veg fyrir að svo skelfilegir atburðir endurtaki sig.“ Fréttablaðið fékk ekki svör við spurningum varðandi þetta mál sem sendar voru Kristni Jón Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra, í tölvu-pósti.



FÉLAG HEYRNARLAUSRA Hefur lengi barist fyrir ýmsum réttindamálum heyrnarlausra. Myndin er úr safni.

Kolbrún Halldórsdóttir á þingi:

Sleifarlag í fangelsismálum

STJÓRNMÁL Staðan í kjaraviðræðum fangavarda og ríkisins, uppsagnir nærri helftar fangavarda og stök úr fangelsinu á Akureyri, voru rædd í upphafi þingfundar á fimmtudag.

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR Kolbrún Halldórsdóttir, VG, sagði sleifarlag hafa viðgengið í fangelsismálum enda hefði ríkisstjórn dregið lappirnar í málaflokknum.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks, sagði ástandið í kjaramálum fangavarda alvarlegt en um leið að ekki væri ástæða til að ræða málið í þingsal að dómsmálaráðherra fjarstöddum. - bps

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs HÍ kvartaði til umboðsmanns Alþingis í gær:

Kvarta yfir einkunnaskilum

MENNTAMÁL Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), skilaði kvörtunarbréfi til umboðsmanns Alþingis á föstudag, fyrir hönd réttindaskrifstofu ráðsins, þar sem sein einkunnaskil kennara Háskóla Íslands eru gagnrýnd.

Samkvæmt reglum Háskóla Íslands eiga kennarar að skila einkunnum ekki síðar en fjórum vikum eftir próf. Samkvæmt Sigurði hafa sumir kennarar ekki enn skilað einkunnum vegna prófa sem haldin voru í desember. Í nokkrum námskeiðum fengu nemendur ekki einkunnir fyrir en 45 dögum eftir próf.

Að sögn Sigurðar geta sein einkunnaskil kennara komið sér illa fjárhagslega fyrir nemendur því þeir fái ekki námslánin sín fyrir en eftir að þeir hafi sýnt fram á að þeir hafi náð þeim



SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON Færði umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna slægra einkunnaskila kennara við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

prófum sem þeir tóku. Hann segir þessa nemendur þurfa að taka lán í bönkum eða fá yfirdráttarheimild. Sigurður segir að í sumum námskeiðum fái nemendur ekki að skrá sig í námskeið á næstu önn fyrir en eftir að þeir hafa fengið einkunnir úr prófum. Hann segir auk þess að seinangangurinn geti raskað stöðu nemenda á Stúdentagörðum sem þurfi að sýna fram á ákveðinn námsárangur til að vera þar áfram.

Sigurður segir að réttindaskrifstofan vilji að umboðsmaður Alþingis fari yfir hvort Háskóli Íslands sé að fara að settum reglum. „Við viljum að umboðsmaður taki undir með okkur og úrskurði um að það gangi ekki að þessar reglur séu margbrotnar,“ segir Sigurður. - ifv

LÖGREGLUFRETTIR

Stálu tóbaki og morgunkorni

Tveir ungir menn voru handteknir á Akureyri í fyrrinótt eftir að hafa brotist inn í verslun og tekið sigarettur og morgunkorn. Lögreglan sá til manna á hlaupum, hirti þá upp og stakk þeim í fangaklefa.

KÓLUMBÍA

Rúmur milljarður í gólfinu

Lögregla í Kólumbíu fann 19 milljónir dala, andvirði rúmlega 1,3 milljarða króna, í kassa í gólfi íbúðarhúss í borginni Cali á laugardag. Kólumbíska lögreglan hefur lagt hald á andvirði rúmlega fimm milljarða króna af fíkniefnagróða á undanföllum vikum.

CHILE

Tíu ferðamenn létust í bruna

Tíu ferðamenn létust í bruna á hóteli í Chile á laugardagsmorgun. Öll gögn um fólkíð urðu eldinum að bráð og því er ekki vitað hverjir hinir látnu eru. Flestir þeirra sem létust köfnuðu. Eldsupptök eru ókunn.

– stærri en þig grunar

– nú á enn betra verði: 2.490.000 kr.



Volkswagen Jetta er rúmgóður, lipur og ríkulega búinn bíll, eins og við er að búast af Volkswagen, og býðst nú á frábæru verði. En til að uppgötva alla kosti Jettunnar er nauðsynlegt að koma, skoða og reynsluaka.



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

● Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

● Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

● Word

Word 1a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900
Word 1b: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

● Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500
Excel II: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel III: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 34.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

● PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

● Outlook

Outlook: póstur, tímareíða og verkefni • 13 st./verð 16.900

● Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

● Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500
DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 33 stundir/verð 49.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st./verð 24.900

● Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

● FileMaker

FileMaker notendanámskeið • 18 stundir/verð 26.500
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • 27 st./54.900

● Windows XP


Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

● Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Vefhönnun og myndvinnsla



Þetta námskeið er ætlað þeim fjölmörgu sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að sjá um vef, hönnun hans og stjórnun. Námskeiðið er góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði.

Dagskrá:

- Hönnun og skipulag vefja. Farið er yfir hvernig byggja á upp vef á skipulegan hátt, svo að öll vinna við vefinn verði mun auðveldari.
- Forritun vefja með HTML. HTML er grunnurinn í vefsíðugerð og í þessum hluta námsins er kóðinn á bak við vefsíðuforritin skoðaður.
- Vefsíðugerð með DreamWeaver. Forritið er notað til að breyta texta yfir í HTML forritunarmálið sem notað er á Internetinu. Farið er mjög ítarlega yfir alla eiginleika DreamWeaver og kennt að nota forritið á fjölbreyttan hátt.
- Myndvinnsla og grafík. Kennt er á forritin Flash og Photoshop sem eru í fremstu röð grafískra forrita og notuð af fagfólki um allan heim.
- Notkun tilbúinna JavaScript eininga á vefsíðum. Nemendum er kennt að notfæra sér tilbúna JavaScript einingar til að búa til felligardínur og fleira.

Innifalín í þáttökugjaldinu eru ítarleg námsgögn á íslensku og ensku og í flestum tilvikum sýniseintök af þeim forritum sem notuð eru.

Lengd: 90 stnd./60 klst. Þriðju- og fimmtud. kl. 16:15-19:15. Hefst 8. febrúar
Verð: 99.900 • Allt að 3 ára lán.

MCSA og MCP netnám



▶ Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional SP2 (70-270) og Windows 2003 Server R2 (70-290). Tvö MCP próf innifalín. Hefst 6. febrúar.

Lengd: 121 st./81 klst. Verð: 159.900

▶ MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional SP2 (70-270), Windows 2003 Server R2 (70-290), Stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 R2 (70-291) og Exchange Server 2003 SP2 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalín. Hefst 6. febrúar.

Lengd: 225 st./150 klst. Verð: 299.900

▶ Windows XP Professional MCP

Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900

▶ Windows Server 2003 MCP

Náðu tókum á netstjórnun strax (70-290).

Lengd: 60 stundir/39 klst. Verð: 89.900



Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Hlýnun jarðar á síðustu áratugum er vegna lifnaðarháttanna mannfólksins.

Hver og einn verður að taka ábyrgð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hlýnun jarðar með tilheyrandi breytingum á veðurkerfinu er staðreynd sem ekki verður umflúið að horfast í augu við.

Aldrei hefur sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna, IPCC, verið jafnafráttarlaus um þetta og í nýjustu skýrslu sinni sem kynnt var fyrir helgi.

Vísindamenn fullyrða að hitastig muni hækka á bilinu frá 1,1 gráðu á Celsius upp í 6,4 fram til ársins 2100.

Bandaríkjamenn losa mest allra þjóða af gróðurhúsalofttegundir í andrúmsloftinu hafi aukist vegna athafna mannsins frá miðri átjándu öld.

Bandaríkjamenn losa mest allra þjóða af gróðurhúsalofttegundum en búist er við að Kínverjar muni sigla fram úr þeim á næsta áratug.

Hlýnun jarðar er háþólitískt mál. Íslendingar verða að beita sér með öllum mögulegum ráðum í alþjóðasamfélaginu í þeirri viðleitni að snúa við þeirri óheillaþróun sem hlýnun jarðar er.

Hin hliðin á peningnum er að vera viðbúin því sem koma skal. Hvernig stendur byggð meðfram strandlengju Íslands, að ekki sé minnst á byggð sem reist er á landfyllingum úti fyrir ströndum, ef yfirborð sjávar hækkar um nokkra sentimetra, eða um nokkra tugi sentimetra?

Þessum spurningum og fleiri verður að svara. Þeir sem nú byggja jörðina bera ábyrgð á að skila henni í hendur barna sinna þannig að þau hafi aftur forsendur til að skila henni áfram til sinna barna.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kvenvörður

Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tók um síðustu helgi við formennsku í Verði, fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Stýrikonan

Helgarblöðin voru yfirfull af viðtölum við stjórnmálamenn. Blaðið

talaði við Margréti Sverrisdóttur, Fréttablaðið við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Morgunblaðið við Guðjón A. Kristjánsson og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Guðforeldrar

Í Morgunblaðsviðtalinu talar Guðrún Ögmundsdóttir meðal annars um baráttu sína fyrir réttindum samkynhneigðra.

Oddssonar í þeirri baráttu: „Ég fór með þessa skýrslu [um stöðu sambúðarfólks] til Davíðs Oddssonar þáverandi forsætisráðherra og vissi reyndar að hann hafði alla tíð verið dyggur stuðningsmaður réttindabaráttu samkynhneigðra.



Smjör foringjans: Klípa aðstoðarmannsins

Illugi Gunnarsson situr hátt á framboðslista Sjálfstæðisflokksins. Hann er á leið á þing og almennt talinn efnilegur stjórnmálamaður.



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Stjórnmál

Í þættinum var m.a. rætt um nýfallinn hæstaréttardóm í Baugsmáli og viðbrögð Ingibjargar Sólrúnar við honum: Ríkisstjórnin gæti ekki firt sig ábyrgð á þeirri sorgarsögu.

Eitthvað hljómaði þetta einkennilega í eyrum áhorfenda sem þurftu ekki nema litla stund enn til að rifja upp þátt þess sama Illuga Gunnarssonar í einum dýrðilegasta anga Baugsmálsins, þegar hann sat við hlið Davíðs Oddssonar á frægum fundi úti í London.

brandari varð að 300 milljón króna smjörklípu í munni Davíðs Oddssonar. Þá hafði Hreinn líka sagt frá því að á þessum sama Lundúnafundi hafi forsætisráðherrann fyrirverandi varað sig við því að senn yrði látið til skarar skrifa gegn Bauði.

Ög fimm árum síðar er Illugi orðinn stjórnmálamaður og lætur eins og hann hafi aldrei verið aðstoðarmaður, mætir í sjónvarp og bannar mönnum að bendla Baugsmál við pólitík.

Fyrirum aðstoðarmaður mannsins sem hótaði Bauði rannsókn og víðraði landskunnna andúð sína á fyrirtækinu í þingi og þjóðmiðlum um margra missera skeið mætir nú í sjónvarp til að segja okkur að stjórnmálamenn eigi ekki að tjá sig um

dómsmál. Fyrirum aðstoðarmaður mannsins sem lýsti því yfir að væri Baugsmálið pólitískt yrði því öllu hent út úr dómstólunum hefur nú geð í sér, þegar sú er orðin raunin, til að segja okkur að málið sé alls ópólitískt og komi stjórnmálamönnum ekki við.

Sumur kjósa að hefja feril sinn í stjórnmálum með því að þjónusta foringja dagsins. Snattíð í kringum hásetið færir mönnum einstaka reynslu og innsyn í víðjar valdsins en það getur líka flækt menn í vafasama vefi; krafist þess að þeir velji á milli sannleikans og foringjans.

Í Silfri Egils draup smjör af hverju orði Illuga. Allt sem hann sagði um Baugsmálið minnti okkur á veru hans við hlið Davíðs Oddssonar á hótélherbergi úti í London.

Í besta heimi allra heima mætti taka undir með Illuga og segja að stjórnmálamenn eigi ekki að tjá sig um dómsmál. En það er líka góð regla að gamlir aðstoðarmenn skuli forðast mál sem þeir tengjast með svo eldfimur hætti, jafnvel þó óbeint sé. Illugi Gunnarsson ætti því að sýna sjálfum sér og sjónvarpsáhorfendum þá háttvísi að sitja heima næst þegar Baugsmál ber á góma. Annað er bara óþægilegt fyrir alla.

Kröfur landeigenda ósanngjarnar

UMRÆÐAN

Þjóðlendir

Stofnuð hafa verið Samtök landeigenda. Meðal baráttumála samtakanna er að lögum um þjóðlendir verði breytt þannig að ríkisvaldið geri ekki kröfur í jarðir með athugasemdalásum þinglýstum landamerkjabréfum.

Skiljanlegt er að landeigendur vilji standa vörð um jarðir sínar og verja þær fyrir meintri ásælni ríkisvaldsins. Nokkrir þingmenn hafa tekið undir kröfur landeigenda um nauðsyn þess að lögum um þjóðlendir verði breytt til hagsbóta fyrir landeigendur.



SIGMAR B. HAUKSSON

sitja við sama borð og aðrir Íslendingar, í þessu tilviki Sunnlendingar. Þinglýsing tryggir ekki eignarrétt. „Þinglýsing sammings, sem stafar frá aðila sem ekki átti þau réttindi sem ráðstafað er með samningnum leiðir ekki til stofnunar eignarréttar yfir viðkomandi eign.“

Þegar Danakonungur fyrirskipaði landskiptagerð 1882 var það gert á eftirfarandi hátt: Landeigendur koma sér saman um sameiginleg landamerki jarða sinna. Mörg dæmi eru hins vegar til um það að jarðeigendur sem áttu land í jaðri óbyggða tóku sér land inn á óbyggð svæði án þess að bera það undir kóng né prest.

Talið er að í það minnsta 75% Íslendinga séu ekki landeigendur. Það eru rúmlega 225.000 manns. Um 32.000 Íslendingar eru félagar í útivistarfélagum. 92,8% Íslendinga búa í þéttbýli; sem sagt, langstærstur hluti þjóðarinnar.

Hverjir gæta hagsmuna þessa fólks? Höfundur er veidimaður og býr í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGAUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arnalds Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson.

ABC-kort Hjálpaðu bágstöddum börnum og njóttu afsláttar í leiðinni Með ABC-kortinu færðu 10% afslátt í verslunum 66°Norður um land allt og 1% af upphæðinni rennur beint til ABC-barnahjálpar. Þú sækir um ABC-kortið hjá Netbankanum á www.nb.is

Virkjanir í Þjórsá – þögn er sama og samþykki

UMRÆÐAN

Umhverfismál

Innan skamms gefst Hafnfirðingum kostur á að kjósa um það hvort þeir vilji stækkað álver í Straumsvík. Ef meirihluti kjósenda þar er samþykktur stækkuninni er Landsvirkjun gefið grænt ljós með að hefja þá þegar framkvæmdir að orkuöflun til handa væntanlegu álveri. Það hyggst hún gera með þremur virkjunum í Þjórsá, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

Lítið hefur heyrst frá heima-mönnum um viðhorf þeirra til virkjana þessara og umróti því sem þeim fylgir. Reyndar kom hópur fólks saman um daginn til að lýsa skoðunum sínum á Urriðafossvirkjun. Vegna fálætis sveitunga minna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi tel ég mig knúinn að tjá mig opinberlega um fyrirhugaðar framkvæmdir sem snerta hagsmuni sveitarinnar um ókomna tíð.

Ég veit að margir eru mér sam-mála um að Gnúpverjahreppur sé ein af fegurstu sveitum landsins. Ef ekið er eftir aðalvegi sveitarinnar til austurs skiptast á holt og hæðir á vinstri hönd sem tengjast hálendisbrún Suðurlands, sérstakt landslag sem heillar ferðamanninn. Á hægri hönd liðast helsta skart sveitarinnar, Þjórsá, sem skilur að Árnes- og Rangárþing. Þegar ekið er framhjá Þrándarholti blasir eyjan Árnes við. Austan eyjunnar er fossinn Búdi. Þar hyggst Landsvirkjun stífla



FINNBOGI
JÓHANSSON

ána vegna Holtavirkjunar þannig að lón myndast í og við eystri kvíslina en áin verður stífluð við Akbraut í Holtum þar sem stöðvarhús ris. Í Árnesinu verða reistir miklir stíflugarðar. Þarna myndast því ljót sjón, stíflugarðar og dökkur, uppbornaður árfarvegur. Ljött ör í landinu.

Ef haldið er áfram sem leið liggur austur sveitina, allt austur fyrir Núpinn, blasir við fögur sýn. Útsýnið til Skarðsfjalls, Heklu og Búrfells í austri, með Þjórsá í for-

grunni, er ein fegursta sýn sem Ísland hefur að bjóða. Ekki spillir að áin er skreytt með skógi vöxnum hólma, Minnanúpsbólma, og rétt ofar er annað skraut í ánni, Hagaey, umkringd falletum flúðum sem bjóða ferðamanninn velkominn í Þjórsárdalinn, einn af fjölsóttari ferðamannastöðum landsins.

Verði Hvammsvirkjun að veruleika verður anddyri Þjórsárdals sökkt og lón myndað þar sem Þjórsá geymir nú Hagaey. Eyjan mun nær alveg hverfa og flúðirnar hætta að bjóða ferðamanninn velkominn. Rétt ofan Minnanúpsbólma verður reist stíflumannvirki og stíflugarðar byggðir upp austan og vestan lónsins. Minnanúpsbólmi verður því ekki lengur hólmi

þar sem árfarvegurinn verður án vatns og annað svart ör skilið eftir í landinu. Nokkru neðar í ánni er ein eyja enn, Ölmóðsey, kennd við sakamanninn Ölmóð. Sagan segir að hann hafi fengið að vinna sér til lífs að sundríða ótemju út í eyjuna.

Í ljósi þess skora ég á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að hafna þessum framkvæmdum.

Við Þjórsá, vestan eyjunnar, er sannkölluð völundarsmíð skaparans, nefndur Ferjustaður. Nái áform Landsvirkjunar fram að ganga verður Ölmóðsey ekki lengur eyja og Ferjustaðurinn ekki svipur hjá sjón.

Verði virkjanirnar að veruleika verður landslagi í og við Þjórsá umturnað sem kemur til með að hafa ýmsar neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem næst ári búa. Í ljósi þess skora ég á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að hafna þessum framkvæmdum. Valdið er í hennar höndum og ábyrgð hennar er mikil. Hagsmunir íbúa í grennd við Þjórsá svo og Sunnlendinga almennt felast ekki í þessum virkjunum. Þeir eru miklu fremur fölgir í fagurri og ósnortinni náttúru. Okkur ber skylda til að vernda náttúruperlu okkar fyrir komandi kynslóðir. Þeim á ekki að fórna fyrir nokkur störf í álveri.

Höfundur er bóndi.

Tilbúinn fyrir útivistarfólkið!



Suzuki Swift 4x4

Verð 1.799 þús.
Afborgun á mánuði*
kr. 19.676

*Blasningur Gítinis með 30% útborgun og eftirstöðum í 84 mánuði. 50% erlend mynt. 50% íslensk mynt.

Kíktu á suzukibilar.is

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Rök fyrir stækkun

Hróbjartur Hilmar Guðsteinsson, stóriðjugreinin og starfsmaður hjá Alcan í Straumsvík, skrifar:

Umræða undanfarinna mánaða hefur mér fundist vera ósanngjörn hvað varðar Alcan í Straumsvík. Nýlegt viðtal RÚV við Pétur Óskarsson þar sem hann sagði álverið menga á sólarhring það sem við erum að tala um á einu ári sagði mér að nú þarf umræðan að fara á hærra plan. Ég skora á andstæðinga álvers að leita sér betri upplýsinga áður en þeir fara í fjölmiðlana.

Alcan keypti landið þar sem fyrirhuguð stækkun á að rísa. Ég spyr er það útivistarsvæði Hafnfirðinga? Stækkun álversins yrði alls ekki sjónmengun heldur til mikillar þrýði! Hvað með geymslusvæði? Mikil viðskipti með raforku skapa mikinn grundvöll á tilfærslu háspennumannvirkja svo ég spyr, hvað er óásættanlegt? Enginn minnst á sjónmengun þar sem risastór verslunarhúsnæði eru byggð á falletum stöðum! Hvað ef Alcan hættir? Ætti að reisa ullarsokkaverksmiðju eða fleiri blokkir sem vantar fólk til að búa í? Í Árósum er bryggjuhverfisstefna á undanhaldi. Ég spyr. Hafnarfjörður er skuldugt bæjarfélag og margt hægt að gera fyrir rúmar 800 milljónir á ári. Ef störfum fjölga í Hafnarfirði um 480 næstu 14 ár og álverið lokar eftir 10 ár þá yrðu 230 Hafnfirðingar að slást um 120 störf á 4 árum og 110 yrðu atvinnulausir í meira en fjögur ár. Skiptir þá starfsemin engu fyrir Hafnfirðinga? Ég fullyrði að starfsemin skiptir griðarlegu máli og að á bak við einn starfsmann er oftast fjölskylda líka. Fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, sagði í nýlegu viðtali að þó ekki yrði stækkað í Straumsvík skyldi samt neðri hluti Þjórsár virkjaður. Sama hvað! Að lokum skal tekið fram, við erum ekki álbræðsla heldur álver sem rafgreinir súráll!

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

JÓNAS KRISTJÁNSSON, FYRRUM RITSTJÓRI DV, ER 67 ÁRA Í DAG

„Við siglum áleiðis til Þjóðskipulags Bandaríkjanna, þar sem auðræði hefur leyst lýðræði af hólmi, þar sem meira en allur hagvöxturinn fer í að bæta kjör þeirra allra best settu, og þar sem almúginn verður sjfellt fátækari.“



tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 5. FEBRÚAR 1968

Enskur togari sekkur

Á þessum degi fyrir 39 árum drukknuðu átján skipverjar enska togarans The Ross Cleveland þegar hann sökk skammt frá Ísafirði.

Tveimur dögum eftir slysið fann bóndi nokkur einn skipverjann á lífi, hinn 35 ára Harry Eddon. Hann var sá eini sem komst lífs af og þótti það undrum sæta að hann skyldi hafa sloppið svo vel. Mikið óveður hafði verið á miðunum og átta sjö aðrir togarar í miklum vandræðum á sama tíma og The Ross Cleveland. Eftir að atburðurinn átti sér stað fóru eigin-



TOGARI Átján skipverjar fórust þegar enskur togari sökk við Íslandsstrendur. Togarinn á myndinni er ekki sá sem er fjallað um í fréttinni.

konur skipverjanna, sem komu frá Hull, til bresku ríkisstjórnarinnar og heimtuðu að öryggi yrði bætt um borð í enskum togurum.

Togarinn, sem var smíðaður árið 1949, hafði verið í ágætu ásigkomulagi og búinn góðum björgunarbúnaði fyrir skipverja. Togarinn lagði af stað frá Hull 20. janúar með tuttugu manna áhöfn. Fækkaði henni um einn þegar kokkurinn veiktist og flogið var með hann á sjúkrahús.

MERKISATBURÐIR

- 1631 Roger Williams sem síðar nam land á Rhode Island kemur til Boston frá Englandi.
- 1783 Svíþjóð viðurkennir sjálfstæði Bandaríkjanna.
- 1881 Phoenix í Arizona fær kaupstaðarréttindi.
- 1917 Mexíkó eignast stjórnarskrá og fagnar þeim tíma-mótum árlega á þessum degi.
- 1937 Franklin D. Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, leggur til að dómurum við hæstarétt landsins verði fjölgað.
- 1962 Charles De Gaulle, forseti Frakklands, lýsir yfir stuðningi við sjálfstæði Alsír.
- 1989 Vátryggingafélag Íslands, VÍS, er formlega stofnað.

AFMÆLI



Óli H. Þórðarson, fyrrverandi formaður Umferðarráðs, er 64 ára í dag.



Karl Sigurbjörnsson biskup er 60 ára.



Friðrik Rafnsson ritstjóri er 48 ára.



Bessi Jóhannsdóttir sagnfræðingur er 59 ára.



Bolli Héðinsson, formaður Tryggingaráðs, er 53 ára.



LINDA BJÖRK VALBJÖRNSDÓTTIR Linda Björk sigraði í hópi 15 til 16 ára keppenda í 60 m grindahlaupi á 9,31 sek. sem er jafnframt hennar besti árangur auk þess sem Linda varð í öðru sæti í 200 m hlaupi á mótinu sem haldið var í Laugardalshöllinni.

LINDA BJÖRK VALBJÖRNSDÓTTIR: 15 ÁRA ÍSLANDSMEISTARI Í 60 METRA GRINDAHLAUPI

Draumurinn er að verða afrekskona í íþróttum

„Ég æfði sund þegar ég var yngri en hætti því fyrir tveimur árum. Ég æfði líka langstökk en náði mér aldrei á strík í því og í dag eru spretthlaupin og grindahlaupið mínar aðalgreinar,“ segir frjálsíþróttakonan Linda Björk Valbjörnsdóttir sem býr á Sauðárkróki, en Linda Björk náði glæsilegum árangri á Meistaramóti Íslands sem fram fór um síðustu helgi í Reykjavík. Linda Björk sigraði í hópi 15 til 16 ára keppenda í 60 m grindahlaupi á 9,31 sek. sem er jafnframt hennar besti árangur auk þess sem Linda varð í öðru sæti í 200 m hlaupi á mótinu sem

haldið var í Laugardalshöllinni.

Linda Björk varð 15 ára í janúar en hún hefur æft frjálsar íþróttir frá tíu ára aldri. Hún varð fyrst Íslandsmeistari árið 2004 eða þegar hún var 12 ára og nældi um helgina í sinn áttunda Íslandsmeistaratitil, auk þess á hún tvö Íslandsmet.

„Ég ætla að keppa eins lengi og ég get í frjálsum,“ segir Linda Björk og bætir við að frjálsíþróttakonan Sunna Gestsdóttir hafi alltaf verið fyrirmyndin hennar í íþróttunum. „Draumurinn er að verða afreksmanneskja í frjálsum íþróttum og ég stefni á að

reyna að komast á EM og önnur stórmót í framtíðinni,“ segir hún en bætir við að hún geri ekki áætlanir langt fram í tímann. „Ég veit ekki hvort ég stefni til útlanda í skóla en ég ætla allavega að mennta mig samhliða íþróttunum,“ segir hún og bætir við að hún vilji koma þakklæti sínu til þjálfaranna, án þeirra hefði hún aldrei náð svona langt. „Gísli Sigurðsson hefur þjálfað mig frá tíu ára aldri og nú hefur Gunnar bróðir hans tekið við og ég vil þakka þeim fyrir þann góða árangur sem ég hef náð. Þeir eru frábærir. Sjáumst á vellinum!“

indiana@frettabladid.is



HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON Komst áfram með lag sitt Þú tryllir mig.

Níu lög í úrslit

Úrslit réðust í þriðju og síðustu undankeppninni í forvali Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Sem fyrr komust þrjú lög áfram og er því ljóst hvaða lög keppa um að verða framlag Íslands í Eurovision í ár.

Lögin sem komust áfram í gær eru: Bjarta brosið eftir Torfa Ólafsson, sem samdi lagið, og Kristján Hreinsón, sem orti ljóðið. Flytjandi var Andri Bergmann.

Þú tryllir mig er eftir Hafsteinn Þórolfsson, sem samdi lag og texta. Hannes Páll Pálsson samdi textann ásamt Hafsteini. Dr. Gunnir og Ragnheiður Eiríksdóttir, eða Heiða, sömdu lagið Ég og heilinn minn. Dr. Gunnir orti ljóðið. Ragnheiður Eiríksdóttir flutti.

Úrslitakeppni forvalsins fer fram laugardaginn 17. febrúar og verður sýnt í beinni útsendingu.

St. Fransiskusystur Hólmarar ársins

St. Fransiskusystur voru kjörnar Hólmarar ársins 2006 í Stykkishólmi með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, eftir því sem fram kemur á Stykkishólmspóstinum.

Í fyrra urðu mikil straumhvörf hjá nunnunum og Stykkishólmsbæ en þá lauk um 70 ára starfi þeirra við heilbrigðisþjónustu þar þegar þær seldu eignarhluta sinn í sjúkrahúsinu til ríkisins. Börn í Stykkishólmi hafa lengi notið góðs af veru St. Fransiskusystra í bænum, til dæmis komu þær á fót leikskóla, sem bærinn tók síðar yfir, auk þess sem þær voru með fönður fyrir krakka, sýndu bíó og héldu tombólur.

Rekstur sjúkrahússins hefur þó verið stærsti þátturinn í starfi þeirra enda sjúkrahúsið löngum verið einn fjölmennasti vinnustaðurinn í bænum þar sem hundruð heimamanna hafa unnið í gegnum tíðina. Í Stykkishólmspóstinum segir að greinilegt sér af tilnefningunum að bæjarbúar eru systrunum ákaflega þakklátir fyrir óeigin-gjarnt starf þeirra í Stykkishólmi öll þessi ár, enda þær þekktar fyrir að vera alltaf með bros á vör og aldrei langt í kímnina og glensjó þar sem systurnar eru.



ST. FRANSISKUSYSTUR Heimamenn í Stykkishólmi eru þeim afar þakklátir fyrir ótult og fórnfúst starf áratugum saman.

MYND/STYKKISHÓLMSPÓSTURINN

Gefðu dýrmætasta efni í heimi



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

EKKI BARA BANKAR Í ÚTRÁS
Kraftvélar eru með umboð fyrir Komatsu í þremur löndum

VINNUVÉLAR 4



SVAR NOKIA VIÐ IPHONE

Nokia hefur teft fram N95 símanum gegn iPhone sem Apple kynnti nýverið

GRÆJUR 3



allt

VINNUVÉLAR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA GRÆJUR TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

GRÆJUR VINNUVÉLAR

New Holland er mest seld dráttarvélin á Íslandi. New Holland dráttarvélnar hafa allt frá árinu 2000 verið mest seldu dráttarvélnar að undanskildu árinu 2004.

Toyota-lyftarar eru númer eitt á heimsvísu samkvæmt mælingum þýska tímaritsins DHF fyrir árin 2005 og 2006. Á sama tíma hefur sala Toyota-lyftara á Íslandi ríflega tvöfaldast.

Demantar sem eru búnir til á rannsóknarstofum eru algeng eins og þeir sem finnast í náttúrunni. Hingað til hafa þeir þó ekki þótt eins finir og þeir sem finnast í demantanámum, en markaðurinn gerir auknar kröfur um umhverfisvernd og því hefur framleiðsla þeirra aukist til muna. Greint er frá þessu á vefsíðu tímaritsins Wired ásamt ítarlegri úttekt.



GÓÐAN DAG

Í dag er mánudagurinn 5. febrúar, 36. dagur ársins 2007.



	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.56	13.42	17.28
Akureyri	9.52	13.26	17.01

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



„Mér þýðir ekkert að setja strax á fullan snúning á morgnana því þá stoppar tölvan mig bara af,“ segir Helgi sem man tímana tvenna í tæknibúnaði sorpbíllanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rýnir í spegla og skjái

Helgi Helgason hefur ekið sorpbíl á höfundborgarsvæðinu í hartnær þrjátíu ár.

Þegar Helgi svarar símanum fyrst er hann á Engjateignum en á hraðri leið upp í Grafarvog. Því er hann fyrst spurður hvort hann flengist um allan bæ. „Nei, en stundum eru aðstæður þannig hjá okkur að við þurfum að hlaupa undir bagga hver hjá öðrum vegna veikinda og bílana,“ svarar hann og tekur fram að að Teigar, Lækir, Laugarás, Brúinir, Langholt, Sund, Vogar og Heimar séu hans svæði. „Þar eru æði margar tunnur,“ bætir hann við. Fyrir aftan bílstjóra-sætið er bekkur enda segir Helgi sjö manns skráða á bílinn en þó séu þeir sjaldnast svo margir. Vinnudagurinn er frá 6 til 15. „Við mætum rétt fyrir sex á morgnana og setjum bílana í gang. Vélnarar í þeim eru það stórar að þær þurfa að hitna aðeins áður en þær fara í áttök. Mér þýðir ekkert að setja

strax á fullan snúning því þá stoppar tölvan mig bara af,“ lýsir hann.

Helgi kveðst hafa byrjaði í þessu starfi árið 1972 en tvívegis hafa tekið hlé.

„Ég var á annarri Scania áður, gömlu hrói með stuðningsöxul, svokallaðan lettingja. Okkur kom afar vel saman,“ segir hann hlæjandi og lýsir tækninni sem hann býr við nú. Í mælaborðinu er tölva fyrir bifreiðina sjálfa. Hún sér um mestallan búnað sem heldur vél og dælum gangandi. Önnur tölva er með leiðakerfinu og öll húsnum sem tunnur eru hjá og þar skráist inn hvern nær hver tunna er losuð. Svo er myndavélskjár sem er mikið öryggistæki því á honum fylgist Helgi með því sem er að gerast fyrir aftan bílinn. „Ég er semsagt rýnandi í skjái og spegla allan daginn,“ segir hann brosandí og viðurkennir að því fylgi meiri andleg þreyta en líkamleg.

gun@frettabladid.is

DOOSAN
HAG TÆKJASALA
Smíðshöla 14 110 Reykjavík
Sími 5672520

www.minnsirkus.is/tv

ÞRIÐJUDAGUR
22:00

the NINE

FRÁBÆRIR SPENNU-ÞÆTTIR UM 9 MANNS SEM HALDIÐ ER Í GÍSLINGU Í BANKA Í 52 KLST

SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti



Bolir hannaðir á netinu

Nú er hægt að græða pening með því að hafa hugmynd að mynd framan á bol.

Það getur verið vandasamt verk fyrir marga að kaupa sér bol. Sniðið er þá oftast en ekki aukaatriðið, það sem mestu máli skiptir er myndin framan á bolnum og hvort hún sé í takt við nýjustu strauma í tísku og hönnun – hvort hún sé nægilega „kúl“.

Heimasíðan www.threadless.com er fyrirtakslaun fyrir þá sem geta með engu móti fundið boli sem þeir eru 100 prósent ánægðir með. Fyrirtækið nýtir sér tækni netsins til að finna listamenn víða um heim



sem hugsanlega leyndi teikningu sem myndi sóma sér vel á bol. Hver sem er getur þannig hannað sinn eigin bol og sent inn á síðuna. Það eru síðan gestir síðunnar sem sjá um að dæma hönnunina og eru bolunum í raun gefnar einkunnir. Þeir sem skora hæst fá boli sína ekki

aðeins í framleiðslu hjá fyrirtækinu heldur eru vegleg peningaverðlaun í boði fyrir þá „hönnuði“ sem fá bol sinn í sölu á síðunni.

Hægt er að kaupa ótal tegundir af mismunandi bolum á síðunni. Fyrirtækið er í Bandaríkjunum en sendir boli út um allan heim. Sjá <http://www.threadless.com>


Diskettan er endanlega dáin

Tölvufyrirtæki víða um heim hafa ákveðið að taka hinar fornfrægu diskettur úr sölu.

Hver man ekki eftir gömlu og góðu diskettunum? Hinni byltingarkenndu nýjung fyrir tveimur áratugum sem gerði fólki kleift að flytja gögn á milli tveggja tölva? Græjunni sem skildi samfélög eftir í sjokki þegar tilkynnt var að vísindamönnum hefði tekist að tvöfalda geymslumagn hennar upp í 1,44 megabæti á sínum tíma? Viðbótinni sem kom fartölvum í upphafi síðasta áratugar upp á nýjan stall hvað möguleika varðaði?

Nú, á tímum margra gígabæta stórra DVD-diska og færanlegra harðra diska, hefur verið ákveðið að hætta framleiðslu á diskettum. Ástæðan er einföld; enginn notar þær lengur. Þær má þó finna í einstaka tölvuverslunum í hinum vestræna heimi og segir sagan að víða séu árgamlar birgðir ekki enn seldar. Þeim diskettum verður líklega hent.

Ljóst þykir að fáir munu sakna diskettunnar, en hins vegar má gera ráð fyrir að einhverjir dyggir aðdáendur hennar muni syrgja hana – þá ekki síst vegna hinna gríðarlegu tækni framfara sem hún fól í sér á sínum tíma.



Arni Friðberg Helgason hjá Hátækni bregður á leik með Harmony-fjarstýringu sem fæst í versluninni.

FRÉTTABLAÐ/HEIDA

Heimilinu stjórnað með einum takka

Á hinu dæmigerða íslenska heimili má gjarnan finna fjölda tækja sem á nútímamáli nefnast „græjur“. Hverju tæki fylgir síðan sérstök fjarstýring sem óhjákvæmilega hefur í för með sér tilheyrandi rugling og óþægindi, svo ekki sé minnst á sjónmengunina sem allar þessar fjarstýringar hafa á stofuborðinu. Nú hefur tækniþyrft tækið Logitech fundið lausn á þessum algenga heimilisvanda með hinni byltingarkenndu fjarstýringu Harmony.

„Harmony stendur fyrir samræmi og það lýsir virkni fjarstýringarinnar líklega best. Hún samræmir aðgerðir allra fjarstýringa heimilsins,“ segir Arni Friðberg Helgason, aðstoðarverslunarstjóri Hátækni, sem er samstarfsaðili Logitech á Íslandi og selur Harmony-fjarstýringuna.

Alhliða fjarstýringar sem eiga að leysa af hólmi allar aðrar fjarstýringar heimilisins hafa svo sem

áður komið á markaðinn en að sögn Árna er Harmony-fjarstýringin allt annars eðlis. „Munurinn er að Harmony gerir fólki kleift að stjórna öllu heimabíókerfinu sínu með einum takka. Fjarstýringin er í raun forrituð með ákveðnum skipunum sem hver og einn ákveður eftir eigin smekk. Til dæmis er hægt að ýta á einn takka á fjarstýringunni og þá kviknar á DVD-spilaranum, heimabíó-magnaranum og sjónvarpinu og allt stillist sjálfkrafa rétt,“ segir Arni og bætir við að fjarstýringunni séu í raun engin takmörk sett.

„Þeir sem eru það tækni-lega sinnaðir að vera með rafræfingur gluggatjöld og lýsingu geta þannig stillt rétta birtu í stofunni um leið. Allt með því að ýta á einn takka,“ útskýrir Arni.

„Við hugsum þetta þó fyrst og fremst sem tæki til að stjórna heimabíókerfinu inni í stofu á einfaldan hátt.“ Að sögn Árna hafa einhverjir haft efasemdir um fjarstýringuna og virkni hennar en almennt hafi Hátækni fengið mjög góð viðbrögð frá kaupend-

um á þeim stutta tíma sem fjarstýringin hefur verið í sölu. „Fyrir þá sem efast segjum við einfaldlega að sjón er sögu ríkari.“ Harmony-fjarstýringin er sögð auðveld í notkun og þykir allt viðmót hennar vera mjög notendavænt. Hún hefur innbyggt innrætt ljós auk þess sem hægt er að fá fjarstýringu með svokallaða RF-tíðni, svo hún getur drifið afar langt. Auk þess er fjarstýringin uppsett í gegnum internetið, sem gerir hana einstaka á sínu sviði. Þannig uppfærir hún sjálfkrafa í gegnum samræmdan gagnabanka þar sem upplýsingar um ótal tegundir heimilistækja eru geymdar. „Þannig skiptir ekki nokkru máli hvernig græjur fólk er með og frá hvaða fyrirtæki þær eru, Harmony getur stjórnað þeim öllum,“ segir Arni að lokum.

- vig



Það má með sanni segja að Harmony-fjarstýringin geri það að verkum að öðrum fjarstýringum heimilisins má stinga ofan í skúffu.



Viltu sei'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggssamfélagið á Íslandi

Svar Nokia við iPhone

Nokia hefur teft fram N95 símanum gegn iPhone sem Apple kynnti nýverið.

Hinn svokallaði iPhone, sem sameinar síma, lófátölvu, mynd- og Mp3-spilara í eitt tæki, hefur vakið mikla athygli síðan hann var frumsýndur í byrjun árs. Sérfræðingar innan fjarskiptaheimsins hafa velt fyrir sér viðbrögðum Nokia við iPhone og hvaða tæki fyrirtækið mun framleiða til höfuðs hinni byltingarkenndu nýjung frá Apple. Svárið, að minnsta kosti til að byrja með, er hinn svokallaði Nokia N95 sími sem fer í almenna sölu á næstu mánuðum.

Almennt er talið að iPhone hafi yfirhöndina þegar kemur að samanburði við N95. Ljóst þykir að iPhone hafi náð að „stela“ mikið af þeirri athygli sem forsvarsmenn Nokia væntu þess að N95 fengi en hins vegar hefur verið bent á að N95 hafi ýmsa kosti fram yfir iPhone.

Fyrir það fyrsta hafa verið uppi efasemdir um gæði þeirrar internettengingar sem verður í iPhone. Síminn notast við GPRS-tækni, sem er umtalsvert hægar en HSDPA-tækni sem notast er við í N95. iPhone bætir það reyndar upp að mestu leyti með sínum ótrúlega snertiskjá sem snúa má á alla vegu. Þegar myndavélar símanna eru bornar saman hefur N95 vinninginn með sína hágæða 5 MP myndavél með flassi á meðan iPhone býr aðeins yfir 2 MP myndavél.

Í N95 er innbyggður fullkominn GPS-staðsetningarbúnaður sem nær til yfir 100 landa og 1,5 milljón staðsetninga en í iPhone er aðeins að finna útgáfu af Google-Earth kortum sem segir ekkert til um staðsetningu.

Þegar stýrikerfið er skoðað hefur iPhoto líklega vinninginn. Hið útbreidda s60 stýrikerfi sem Nokia hefur þróað í gegnum árin er í besta falli hlægilegt í samanburði við MacOS X stýrikerfið sem iPhone verður byggður á. S60 hefur það hins vegar fram yfir Mac Os X að vera það viðmót sem langflestir farsímanotendur heims þekkja.

Forsvarsmenn Nokia hafa ekki farið leynt með þær fyrirætlanir sínar með að þróa nýjan síma sem á, að þeirra sögn, að toppa allt sem áður hefur sést, þar með talinn iPhone. En á sama tíma og sá sími verður frumsýndur verður næsta útgáfa af iPhone líklega orðin fullþróuð.

En hvað sem framtíðin ber í skauti sér fyrir Nokia og Apple er ljóst að samkeppnin á fjarskiptamarkaðnum hefur aldrei verið meiri.

- víg

Eins og sjá má af myndunum af iPhone-símanum frá Apple og N95 símanum frá Nokia er um einstaklega glæsileg tæki að ræða. Reyndar er hæpið að tala um þau sem síma, enda eru þetta ekkert annað en alhliða fjarskipta- og margmiðlunartöl sem hafa nánast endalaus möguleika.



Samstarf Nike og Apple þróast

Íþróttafólk mun bera þráðlausu fjarstýringu um úlniðinn

Nokkuð er liðið síðan Apple hóf opinbert samstarf við íþróttavöruframleiðandann Nike sem felst í þróun og framleiðslu þar til gerðra iPod Nano geymsluhólfa sem hægt er að nota við íþróttaiðkun. Í íslenskum líkamsræktarstöðvum má sjá marga sem notast við uppbyggðleg steygjuna svokölluðu frá Nike sem getur geymt iPod í öllum stærðum og gerðum.

Nú hafa lekið myndir út á internetið sem sýna nýjan og endurbættan geymsluhólfa iPod Nano fyrir íþróttafólk, búnað sem enn þá er í þróun og stóð ekki til að setja á sölu fyrr en um mitt þetta ár. Svo virðist sem að nýi búnaður-

inn verði þráðlaus; annars vegar geymist iPod-inn á upphandleggnum eða á buxaskálminni og hins vegar mun fólk bera eins konar armand sem er í raun þráðlaus fjarstýring. Þannig er hægt að skipta um lag, hækka og lækka og framkvæma allar aðgerðir án þess að snerta sjálfan iPod-inn nokkurn tímann. Þessi þráðlaus tenging fæst með Bluetooth-tækninni. Það sem veldur sérfræðingum innan tæknigeirans heilabrotum er að til þessa hefur engin tegund iPod Nano innihaldið Bluetooth. Þykjast sérfræðingar lesa út úr því að síðar á þessu ári muni Apple setja á markaðinn endurbætta Bluetooth-útgáfu af iPod Nano.

Apple og Nike eru bæði hæstánægð með samstarfið, enda eru bæði fyrirtæki í fararbroddi á sínu sviði.



Vaio-fjölskyldan frá Sony þykir einstaklega vel heppnuð hönnunarlína.

Fullkomin fartölva sem vegur minna en hálf kíló

Nýjasta viðbótin í Vaio-fartölvu fjölskyldunni frá Sony er hin svokallaða UX1 vél, sem þykir setja ný viðmið í hönnun ferðavænna fartölvu.

UX1 er með 11,5 sentímetra stóran hágæða snertiflatskjá og vegur ekki nema 480 grömm. Að sögn Sony er hún framleidd og sérsníðin fyrir viðskiptafólk á stöðugum ferðalögum sem helst vilja finna sem minnst fyrir þyngd fartölvunnar.

Þrátt fyrir smæð sína stenst Vaio UX1 samanburð við flestar aðrar fartölvur á markaðnum og hefur hún meðal annars 32 GB geymslupláss. Verðið á tölvunni er hins vegar alveg í samræmi við gæðin. Íslend-

ingar munu varla eiga kost á að kaupa UX1 fyrr en í haust en áætlað er að tölvan fari í almenna sölu í Bandaríkjunum síðar í þessum mánuði. Verðið er 2.500 dollarar, eða um 170 þúsund íslenskar krónur, en áætla má að hún kosti umtalsvert meira þegar hún fer í sölu hér á landi.

- víg



HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!



STÆRRI OG BJARTARI SKJÁRI!

Garmin nüvi 660

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukk, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjálsl búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN

Bluetooth

WELLMAN

radiomidun

R. SIGMUNDSSON



R. SIGMUNDSSON



Bush heimsækir Caterpillar

George W. Bush sagði Caterpillar vera eitt af mestu fyrirtækjum Ameríku í heimsókn hans í verksmiðju í Illinois.

Caterpillar-verksmiðjan í Illinois tók á móti Bandaríkjaforseta, George W. Bush, á dögum þar sem hann sagði að Caterpillar sannaði samkeppnishæfni bandarískra fyrirtækja á alþjóðamarkaði. „Bandarískur og alþjóðlegur efnahagur hefur hagnast á skattaári. tollastefnu forsetans sem hefur

kynt undir miklum hagvexti,“ sagði Jim Owens, framkvæmdastjóri Caterpillar, af þessu tilefni. Í heimsókninni lagði forsetinn áherslu á þá frjálsu viðskiptasamninga sem komið var á undir hans stjórn, og hefur komið fyrir tækjum eins og Caterpillar til góða. Vélar og tæki sem framleidd eru í verksmiðjum Caterpillar eru sendar um allan heim, en Caterpillar flutti út tæki fyrir um 10 milljarða bandaríkjadala á síðasta ári.

- kep



George W. Bush talaði við verkamenn hjá Caterpillar á dögum.



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG SIRRÝ TAKA Á MÓTI PÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR. FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN.

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Das-8 vélar eru með sérstaklega styrktu stjórnhúsi sem tryggir aukið öryggi þeirra sem á þeim vinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Ekki bara bankar í útrás

Ólafur Baldursson, markaðsstjóri Kraftvéla, segir góða sölu á nýju Komatsu-gröfunum. Kraftvélar eru með umboð fyrir Komatsu í þremur löndum.

„Þessi DAS-8 vél kom fyrst til landsins í vor og er ný kynslóð af þessari týpu, en Komatsu hefur framleitt þennan stærðarflokk í að verða 20 ár,“ segir Ólafur Baldursson, markaðsstjóri Kraftvéla. Hann segir mikla eftirspurn eftir Das-8 gröfunum. „Þetta er ein af okkar vinsælustu vélum í dag og við höfum verið að selja þessar

vélar um allt land. Þá höfum við verið að selja dálítið af þessum vélum í Færeyjum og Kraftvélar eru einnig með umboð fyrir Komatsu í Danmörku. Kraftvélar eru móðurfélag KFD sem selur vélar í Danmörku. Við erum búnir að vera í þessari útrás í tvö ár og höfum selt rúmlega 600 vélar í þremur löndum. Ólafur segir vélina búna mörgum kostum. „Fyrir það fyrsta er húsið mjög hljóðlætt og hljóðlátara en í flestum einkabilum. Þá er hún með sérstaklega styrkt stjórnhús og þannig tryggir hún öryggi þeirra sem vinna á vélunum ef svo

færi að vél myndi velta. Það er búið að gera miklar tilraunir á vélinni og það hefur sýnt sig að styrkurinn í húsinu getur bjargað mannlífum ef illa fer. Þá er í vélinni staðsetningarbúnaður sem segir til um hvar vélin er stödd og gefur upplýsingar í gegnum tölvu um ástand vélarinnar hverju sinni. Þetta auðveldar allar skráningar og utunumhald vinnustunda. Þá sendir búnaðurinn boð ef eitthvað bílar og þannig er með auðveldum hætti hægt að pantast varahluti á skemmir tíma en áður hefur þekkt.“

- óhö



Doosan-Daewoo vinnuvélar hafa verið seldar á Íslandi síðan árið 1999.

Allar vélar með ábyrgð

Þriggja ára ábyrgð er nú á öllum Doosan-vinnuvélum sem seldar eru á Íslandi.

Um nokkurt skeið hefur Doosan-fyrirtækið boðið upp á þriggja ára ábyrgð á vinnuvélum annars staðar í Evrópu og nú hefur verið ákveðið að gera slíkt hið sama á Íslandi.

Doosan framleiðir yfir 40 stærðir og gerðir af vinnuvélum og hafa Doosan-Daewoo vélar verið seldar á Íslandi síðan árið 1999.

H.A.G. ehf. er umboðsaðili Doosan á Íslandi og er fyrirtækið fyrst til að bjóða þriggja ára ábyrgð á vinnuvélum hér á landi.

- eð

Snjókeðjur og eldsneytissparnaður á vefnum

Snjókeðjumarkaðurinn er vefur með snjókeðjur fyrir vinnuvélar og vörubíla.

Þar eru ýmsar tegundir í boði eins og stroffur, strappar og lyftingakeðjur.

Á vefnum er einnig að finna upplýsingar um eldsneytissparann Cyclonefuelsver sem sagður er stuðla að 7 til 25 prósentu eldsneytissparnaði.

Nánari upplýsingar: www.snjokedjumarkadurinn.is



Vinnuvélar, litlar sem stórar, geta þurft snjókeðjur á veturna. Hjá snjókeðjumarkaðinum er hægt að skoða úrvalið á netinu.

Stærsta vélasýning í heimi

Vélasýning í Munich 2007.

Bauma 2007, stærsta vélasýning fyrir bygginga- og jarðvinnuiðnaðinn, verður haldin í borginni Munich í Þýskalandi dagana 22.-26. apríl.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Bauma-sýningin er haldin en aldrei fyrr hafa fleiri sýnendur tekið þátt og tækninýjungar verið til sýnis.

Þess má geta að 416.220 gestir frá 171 landi mættu á Bauma-vélasýninguna árið 2004. Þá fjölgaði gestum frá öðrum löndum um 116.542 frá síðustu sýningu. Meðfylgjandi er myndir frá þeirri sýningu, sem ættu að gefa lesendum einhverja hugmynd um umfang hennar.

- rve



Bauma er stærsta vélasýning fyrir bygginga- og jarðvinnuiðnaðinn.



Bauma-vélasýningin 2004 var fjölsótt, en þá mættu 416.220 gestir. Búist er við að enn fleiri mæti til leiks í ár.

Vél í viðgerðirnar

Slípivélar eru þarfabing þegar framkvæmdir standa yfir á heimilinu.

Hvort sem verið er að dunda við bílaviðgerðir í skúrnum eða málningu á heimilinu með tilheyrandi

sparslvinnu koma slípivélar í góðar þarfir. Hvað þá þegar gömul húsgögn eru gerð upp, skröpuð og máluð eða lökkuð upp á nýtt. TB Bosch Pex 220 A slípivél er létt og meðfærileg og auðvelt að nota með annarri hendi. Svo er tiltölulega auðvelt að halda hreinu kringum hana því rykið safnast saman í filterbox aftast í vélinni.



Hjámiðjustlípivél úr Byko.

Flytjum allar gerðir vinnuvéla



Fljót og góð þjónusta

KRÖKUR

DRÁTTARBÍLAR

Sími 564 3800

Dalvegi 24 201 Kópavogur Fax 564 3802

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



Bilalands, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



Gullfallegur og góður á súperkjörum
Renault Laguna 11/01, 1600, 5 girja, sk. '07, ek. 91þ., ásett 1130þ., 100% lán 1025þ. S. 661 8185.



Algjör Gullmoli
Nissan Micra árg.'05, ek. 8 þ., 5 girja, Abs, Cd, sk. '08. Ásett 1470 þ., 100% lán 1399 þ. S. 820 0151.



Pú borgar 13 þ. pr mán. og bíllinn er þinn!
Peugeot 306 Break árg. '02, ek. 95 þ., 1600 vél, 5 girja, Abs, sk. '07, 100% lán 623þ.

S.661 8197.



Mjög góður Legacy
Subaru Legacy árg. '00, ek. 120 þ., 5 girja, Abs, Cd, sk. '07, álfelgur. Fæst á láni 875 þ., s. 897 2425.



4WD-6 MANNA-2005-ÖLL SKIPTI!
Chrysler Pacifica Touring 4wd. 2005 Árgerð.

Ekinn 38 þkm. Sjálfskiptur. Leður. Vandað hjómkerfi. DVD/CD magasin. Loftkæling. Skynvætt 4wd. Rafmagn í öllu. Minni og hiti í sætum. Fjarstýrð opnun á afturhléra. Xenon ljós. Of, ofl. Verð 3.9 m. Ath. dýrari og ódýrari. Hágæða samspil Benz og Chrysler. Örugger og rúmgóður lúxusfjölnotabíll! Uppl. í síma 663 2430 og bonham@simnet.is



Gullfallegur Subaru Legacy árg. '99 ek. 149 þús., 5girja, gullans með samlitum listum, spoiler, krókur, þakbogar og filmur. Ásett verð 870.000. Uppl. í s. 692 0003.

Bílar til sölu



Toyota Landcruiser 100 VX dísel, árg. '05. Ek. 70 þús. Toppluga, leður, 8 manna, dráttarkúla, filmur, spoiler. Einn með öllu. Ath skipti. Uppl. í s. 845 0438.



Af sérst. ástæðum: Ford Expl. Exec. 4.0, 05/'97, frá umboði, til sölu. Einn með öllu. Áhvílandi kr 230 þús. vaxtalaust, afborgun 15 þús. á mán. S. 892 5794.



Til sölu fallegur silfurl. Grand Caravan '05 ek.35 þ. með 2 innbyggðum bílstólum. Fæst a góðu verði. Uppl. í s. 669 9126.



Renault Kangoo '06, 1,5 dísel, ek. 16 þús. Uppl. í s. 849 9605.

VW vento, Árg '93, ekin 177 þús. Ný tímareim, bremsuklossar, pústkerfi og rafgeimur, þarnast smá lagfæringar og varahlutir fylgja. Verð tilb. Uppl. í s. 866 0799 & 481 3699

Suzuki Baleno 1996 ekin 120 þ. til sölu. Í góðu standi verð hugm. 250 þ. Uppl. í s. 896 7704.

250-499 þús.



Isuzu pickup 3.1. árg. '97, 35". Verð 550 þús. Topp bíll. Uppl. í síma 663 0710.

Toyota Hilux Turbo Diesel Doublecab 1997!! Langar þig í hann..? hann er með leðri, dráttarkúlu og á 33" ! Ekinn 280þús. verð 450 þús. krónur og hann er ÞINN!! Uppl. í síma 896 6789 og jennydridjons@hotmail.com

500-999 þús.



Toyota Avensis 02/1999, sjálfskiptur, 2,0 Sól. ek.139 þ. Verð 790 þ. Uppl. í s. 664 8363.

2 milljónir +

Toyota Rav4 2005 ek.30 þús svartur, leðurklæddur, toppluga ofl. sími 898-3273

Alvöru Jeppi til sölu, Ford Excursion 7,3 Powerstroke Diesel árg. 2000 ek. 90 þ. áhv. c.a. 2,4 m. Tilboð óskast. S. 893 8286.

Bílar óskast

Óska eftir bíl á 40-80 þús. Ekki eldri en '95, má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 663 7762.

Óska eftir bíl á verðbilinu 20-30 þ. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 663-4493.



Jeppar
Volvo XC90, árg. 2003. T6 272 hestöfl. Bensín. Ekinn 102.000 km. Leðurklæddur. Verð 29.000 evrur án aðflutningsgjalda. Upplýsingar í síma 003227218979 og hogni@mfa.is



Toyota Landcruiser 90 VX Diesel sjálfskiptur, árg. 10.1999, ekin 130 þ. km. 35" dekk, leður. Einn eigandi. Topp BÍLL. S. 898 2811.



Toyota Landcruiser 120 Diesel árg. 05.2004, ekin 62 þ. km. 35" dekk. Góður bíll. Verð 4,690. S. 898 2811.



100% Lán 100% Lán
Ford Explorer XLT V8 4,6 árg. 2006, ekin 17 þ. Leður, 7 manna. Topp bíll á góðu verði. S. 898 2111.



Ford Explorer árg. 2002, sjálfskiptur, ný dekk, mjög gott útlit. Verð 1680 þ. Uppl. í s. 664 8363.


ÁLBOX
Farangursbox sem þola íslenska veðdrött!
Fyrir jeppa og folkabíla!

KE. MÁLMSMÍÐI
FARANGURS-ÞYGGINGAR
ÁLBOX + HILLIKELAR + TANKAR
Hamarshöfði 5 • s. 587 0626 & 896 3222

www.ke.is

Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og bíla. Álbox undir gaskúta á ferðabíla. KE-Málmsmíði, Vagnhöfða 19, s. 587 0626 og 696 3522.

ÁLBOX
Tjald-, skúfu- og ákallabúnaður



KE Málmsmíði. Hamarshöfði 5, Sími 587 0626. www.ke.is/www.ke.is

Pallbílar

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

Til afgreiðslu STRAX!

DODGE
Komin! Heim!

RAM 3500 Diesel
Laramie m/leðri
Komin! Heim!

JEEP COMMANDER
Nýr 2006 Hlaðinn Búnaður!

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

Afhending strax!
Splúnkunýr Dodge RAM 3500 LARAMIE pallbíll með leðri og miklum aukabúnaði til afgreiðslu strax í dag á Íslenskum númerum. Skráður fyrir breytingu - engin hraðatakörkun er í þessum bíl. Eigum einnig nýjan heimkominn tilbúinn til skráningar á Íslensk númer Jeep Commander 7 manna lúxusjeppa með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Hringdu núna í síma 552 2000 með sanngjart tilboð og þú færð bílinn afhentan í dag. Hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bilalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

HYBRID
Lægra innaupsverð
40% minni eyðsla!

LEXUS

TOYOTA
Nýr Toyota Lúxusjeppi á LEXUS RX400 grunnri 7,5 L/100km innanbæjar!

Frá Kr. 4.390.000!

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

TOYOTA - LEXUS 7,5 l/100 innanbæjar!

Sparaðu yfir 2 milljónir króna við kaup á Toyota Highlander lúxusjeppa sem byggir á Lexus RX400 grunnri. 268 hestöfl. 7,5 lítrar á 100km innanbæjar! Meiri lúxus og minni eyðsla en Toyota Landcruiser. Hybrid er „mun haghvæmari en dísel“ sagði forstjóri Toyota á bilasýningu í USA. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! T.d. Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl frá Kr. 4.390.000 og Lexus RX400 frá Kr. 5.750.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bilalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

5 1/2
lítrar pr/100km

islandus.com kynnrir:

TOYOTA
CAMRY HYBRID



NYTT FRÁ TOYOTA:
Stærri og flottari en Avensis

40% Minni Eyðsla!

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

Camry í stað Avensis!
Camry er stærri og með meiri lúxus en Avensis. Býlting í sparneytni með öflugri hybrid vél sem brennir allt að 40% minna eldsneyti. 5,8 lítrar innanbæjar! Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel“. Islandus.com kynnrir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! T.d. Toyota Camry frá Kr. 3.450.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bilalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

ÚTSALA

Kr. 500,000
AFSLATTUR

SPARIÐ
Hundraði þúsunda á bilaútsölum í USA

Bíllinn með flugi!

islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM • Sími 552 2000

Útsala - Útsala - Útsala!
Stórútsölu bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500,000 afsláttur á nýjum bílum. Bíllinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bilalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

allt bílar
Alla laugardaga



Láttu drauminn rætast - rafrænt

- Rafrænt greiðslumat
- Ráðgjöf og aðstoð
- Lánsúmsóknir rafrænt á Netinu
- Svar innan fjögurra daga

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla



fasteignir

Mest lesna fasteignablað landsins

5. FEBRÚAR 2007

FASTEIGNASÖLUR

AKKURAT	22
ÁRBORGIR	2
ÁS	24
ATLAS	27
BORGIR	15
BÚSETI	4
DOMUS	34
DRAUMAHÚS	20
EIGNAMIÐLUN SUÐURN.	38
EIGNASTÝRING	17
EIGNAUMBODIÐ	3
FASTEIGNASALA	
MOSFELLSBÆJAR	19
FAST.- OG FYRIRT.SALAN	4
HRAUNHAMAR	6
HÚSAKAUP	32
HÚSAVÍK	9
HÚSEIGN	29
HÚSIÐ	29
ÍSL. AÐALVERKTAKAR	5, 48
KJÖREIGN	40
KLETTUR	10-
LUNDUR	42
LYNGVÍK	39
LÖGMENN SUÐURL.	18
NÝTT HEIMILI	30
REMAX BÚI	16
STÓRBORG	37
VALHÖLL	46
VIÐSKIPTAHÚSIÐ	45



Blönduhlíð 27 er fallett hús á góðum stað í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérhæð í Hlíðunum

Fasteignasalan Ás hefur til sölu talsvert endurnýjaða sérhæð í nýlega viðgerðu húsi við Blönduhlíð.

Húsið var allt endursteinað að utan fyrir um það bil fjórum árum síðan. Á sama tíma var steypur nýr þakkantur, settar nýjar rennur, leiddur hiti í útitröppur og gert við svalabotna. Við framkvæmdirnar var leitast við að halda upprunalegu útliti hússins.

Komið er inn í gott parketlagt hol með nýjum skápum auk innbyggðs skáps. Eldhús er með korki á gólfi, nýlegri hvíttri innréttingu, fallettum flísum

milli skápa, helluborði og borðkrók. Opið er á milli stofu og borðstofu sem báðar eru parketlagðar og útgengi er úr borðstofu á svalir. Hjónaherbergi er stórt og parketlagt með nýjum skápum. Barnaherbergi eru tvö, annað með dúk á gólfi en hitt minna og parketlagt. Baðherbergi er með dúk á gólfi, flísum á veggjum, baðkari og glugga.

Í kjallara er góð sér geymsla og sameiginlegt þvottahúsi.

Stór og fullbúinn bílskúr fylgir hæðinni og er möguleiki að útbúa íbúðaraðstöðu í honum þar sem allar lagnir eru til staðar.

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI		
MAN OF THE YEAR	kl. 5:40 - 8 - 10:30	Bj. 17	MAN OF THE YEAR	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	Bj. 17	APOCALYPTO	kl. 10	Bj. 16	CHARLOTTE'S WEB m/-Ísl. tal	kl. 6	Leyfð
BLOOD DIAMOND	kl. 5 - 8 - 10:50	Bj. 16	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:50	Bj. 16	BABEL	kl. 8	Bj. 16	BLOOD DIAMOND	kl. 8	Bj. 16
BLOOD DIAMOND VIP	kl. 5 - 8 - 10:50		VEFURINN HEN... M/-Ísl tal	kl. 6	Leyfð	NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 8	Leyfð	FORELDRAR	kl. 8	Leyfð
VEFURINN HEN... M/-Ísl tal	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð	CHARLOTTE... M/-Ensk tal	kl. 8	Leyfð				FRÁIR FÆTUR M/-Ísl tal	kl. 6	Leyfð
BABEL	kl. 8 - 10:50	Bj. 16	THE PRESTIGE	kl. 10	Bj. 12						
			FRÁIR FÆTUR M/-Ísl tal	kl. 5:50	Leyfð						

Skráðu þig á SAMBIO.IS

Kurt býr til homma

Samkvæmt Donnie Davis, meðlimi bandaríska sértrúarsafnaðarins Love God's Way, getur fólk orðið samkynhneigt á því að hlusta á hljómsveitir á borð við Nirvana, The Doors og Wilco.

Davis varar við þessu á heimasíðu sinni www.lovegodsway.org og sjálfur segist hann hafa „læknast“ af samkynhneigð. Heldur hann því fram að Guð hafi samkynhneigða og hefur sett saman lista af tónlistarmönnum og hljómsveitum sem kristnar fjölskyldur eiga að forðast eins og heitan eldinn. Auk ofantaldra sveita eru á listanum Scissor Sisters, Erasure, Queen og Elton John, sem telst vera sérstaklega varhugaverð.

ELTON JOHN Tónlistarmaðurinn Elton John er talinn stórhættulegur.



ur. Rapparin Jay-Z, Ravi Shankar og Velvet Underground komast einnig á listann. Á meðal þeirra listamanna sem Davis telur „öruggt“ að hlusta á er Cyndi Lauper.



NIRVANA Rokksveitin Nirvana getur gert fólk samkynhneigt að mati meðlims Love God's Way.

Trippaskinn í tísku

Eftirspurn eftir sútuðu skinni til skrauts fer vaxandi hér á landi. Sjálfstætt starfandi sútarar eru aftur á móti fáir á Íslandi, reyndar aðeins tveir titlaðir sem slíkir í símaskránni. Fréttablaðið sló á þráðinn til Karls Bjarnasonar sútara norður á Sauðárkróki.

„Skindu eru í tísku um þessar mundir og ég finn að eftirspurnin er að aukast,“ segir Karl um stöðu sútunar hér á landi. Skinnin sem hann sútar eru aðallega þeirrar gerðar sem hengd eru upp á vegg eða höfð á gólfi. „Það leita margir til mín með skinn til að súta, aðallega hreindýraveiðimenn en líka bændur. Ég verð líka var við að erlendir ferðamenn eru farnir að sýna þessu meiri áhuga. Trippaskinn nýtur mikilla vinsælda hjá

þeim. Ég geri mest út á íslenska litinn í skinninum en fjölbreytnin í þeim er alveg ótrúleg.“

Karl hefur starfað við súturn allar götur síðan 1983 en hefur starfað sjálfstætt síðastliðin þrjú ár eða svo. „Sem stendur er þetta aukabúgrein hjá mér en það er alltaf nóg að gera.“ Það er þónokkur vinna að súta skinn og hver tegund þarfnast sérstakrar meðferðar en Karl segir að ferillinn taki yfirleitt um það bil þrjár vikur. „Verðið fer eftir hverju verkefni fyrir sig en það er ekki óalgengt að ég taki 20-25 þúsund krónur fyrir. Oftar en ekki kemur það fólk á óvart að þetta kosti ekki meira.“

Auk þess að súta skinn hefur



KARL BJARNASON Segir skinn vera í tísku, sérstaklega hjá erlendum ferðamönnum sem sýna mikinn áhuga á trippaskinni.

Karl þróað nýja tegund af fluguhnytingarefni með góðum árangri. „Ég bý þú til úr hrosshárum. Menn segja mér að þau séu mjúk og auðveld í meðförum en samt það stinn að þau fari vel í strauvatni. Þeir sem hafa prófað þetta efni eru að minnsta kosti ánægðir og margir sýnt þessu áhuga,“ segir Sigurður að lokum. bergsteinn@frettabladid.is



GRÁTBÍÐUR FEDERLINE AÐ SNÚA AFTUR Britney Spears býður fyrrum eiginmanni sínum gull og græna skóga, komi hann aftur til hennar.

Vill Federline aftur

Samkvæmt National Enquirer grátbíður Britney Spears nú Kevin Federline um að snúa aftur. Samkvæmt upplýsingum þeirra hefur Britney boðið honum gull og græna skóga, og það þrátt fyrir að hún eigi kærasta. Á meðal þess er að hún borgi reikninga hans, hætti partístandinu og leiti sér hjálpar við áfengismisnotkun sinni. Hún myndi jafnframt tryggja það að móðir Federline hlýti sæmileg eftirlaun og leika í myndbandi við dúett hennar og Federline. Federline ku vera að velja tilboðinu fyrir sér.

þitt eigið

Kaffihús

Saeco Kaffivélar

15 gerðir verð frá kr. 39.800 stgr

Þú lagar alla uppáhalds kaffidrykkina þína svo sem espresso, cafelatte og cappuccino, nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá! Þú velur vatnshita, kaffimagn, mölun og aðrar stillingar

VIENNA deluxe

Fjölbreytt úrval bola og fylgihluta

Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi

Bragðefni frá Fabbri

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum espresso/cappuccino kaffivélum

BJÓDDU VINUM ÞÍNUM Í HEIMA-
Kaffihús

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

www.ef.is



HROKI David Moyes ósáttur við orð kollega síns hjá Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

Lítill ánægja hjá Everton:

Benítez gerir menn reiða

FÓTBOLTI Lítill ánægja ríkir hjá Everton vegna ummæla Rafaels Benítez, knattspyrnustjóra Liverpool, eftir grannaslaginn á laugardaginn. Benítez kallaði Everton smálið og sagði greinilegt að það hefði ekki komið á Anfield til að spila til sigurs. David Moyes, stjórnari Everton, var allt annað en sáttur við þessi ummæli kollega síns.

„Ég myndi ekki gera svona lítið úr nokkru félagi. Það eru vonbrigði að hann hafi látið þetta út úr sér. Það fer ekki á milli mála að við erum í skugganum af Liverpool en gerum allt sem við getum til að minnka bilið. Við höfum fengið fjögur stig gegn Liverpool á tímabilinu og hljótum að vera að gera eitthvað rétt,“ sagði Moyes. Stuðningsmenn Everton eru einnig óánægðir með ummæli Benítez og kalla þann spænska hrokagikk. - egm



RONALDO Með verðlaun sem hann fékk þegar hann var valinn leikmaður mánaðarins. NORDIC PHOTOS/AFP

Cristiano Ronaldo:

Hugsar ekki út í gullskóinn

FÓTBOLTI „Ég hugsar ekkert út í það hvort ég verði markahæstur eða ekki, það eina sem ég stefni á er að vinna deildina með félögum mínum,“ sagði Cristiano Ronaldo í viðtali við The Sunday Mirror. Ronaldo hefur spilað ævintýrlega vel fyrir topplið ensku úrvalsdeildarinnar og raðað inn mörkum. Hann segir að Sir Alex Ferguson, stjórnari Manchester United, eigi stóran þátt í því. Sá skoski veðjaði við Ronaldo um að hann myndi ekki ná að skora fimmtán mörk á tímabilinu.

„Herra Ferguson tekur fótboltann alvarlega en hefur einnig húmor. Við hlæjum að þessu veðmáli okkar í hvert skipti sem ég nær að skora,“ sagði Ronaldo en hann segist ekki vera enn orðinn fullmótaður leikmaður. „Ég hef bætt mig mikið síðan ég kom hingað átján ára en get náð lengra. Heimsmeistarakeppnin síðasta sumar og það sem gerðist þar hefur gert mig að betri leikmanni.“ - egm

Fyrirliði enska landsliðsins:

Terry tilbúinn í slaginn

FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að John Terry sé tilbúinn í slaginn og muni spila með enska landsliðinu í vináttulandsleik gegn Spáni á miðvikudag. Terry er fyrirliði Englands en hann hefur verið frá í tvo mánuði vegna bakmeiðsla.

Hans var sárt saknað hjá Chelsea enda var varnarleikur liðsins ekki nægilega sterkur í fjarveru hans. „Ég gleðst yfir því að hann geti spilað fyrir landsliðið. Ég vil að liðinu gangi sem best og hann er mikilvægur þáttur í því,“ sagði Mourinho. - egm

Allt í háalofti í ítalska fótboltanum vegna óeirða stuðningsmanna Catania fyrir helgi:

Morðið á Ítalíu var framið í hefndarskyni

FÓTBOLTI Komið hafa fram þær kenningar að morðið á lögreglu-manninum Filippo Raciti hafi verið skipulagt fyrirfram af fótboltabullum. Maður sem vann með Raciti hjá ítölsku lögreglu segist hafa vitað til þess að hann hafi fengið hótanir um lífát. Raciti var eitt aðalvitnið í réttarhöldum gegn fótboltabullum sem eru í klíku sem nefnir sig „Catania Ultra“.

„Filippo var búinn að segja mér frá því að sá maður sem fékk þyngsta dóminn í þeim réttarhöldum hafi hlegið þegar dómurinn var kveðinn upp. Hann hafi bent á sig og sagt að hann ætti ekki von á góðu,“ sagði lögregluáðurinn Claudio Anzalone við ítalska fjöl-

miðla. Raciti var rotaður með steini og svo var heimatilbúinni sprengju varpað á bíl hans. Anzalone segist vera nokkuð viss um að morðið á félaganum hafi verið skipulagt í hefndarskyni.

Það sköpuðust óeirðir í kringum síðasta Sikileyjaslag sem fram fór 20. september og var það vitnisburður Raciti sem leiddi til þess að boltabullar voru settar bak við lás og slá. Hann var færður í skrifstofuvinnu hjá lögreglu eftir að hafa fengið líflátshótanir en var að eigin beiðni færður aftur í það að starfa kringum fótbolta-leiki.

Hann lét síðan lífið við störf sín þegar upp komu óeirðir í kringum



FILIPPO RACITI Lögregluáðurinn sem var myrtur á hrottalegan hátt á Ítalíu síðasta föstudag. NORDIC PHOTOS/AFP

grannaslag Catania og Palermo síðasta föstudag. „Það voru stuð-

ingsmenn Catania sem stóðu fyrir þessum skríslátum. Það er þó of snemmt að fara að tala um þetta sem skipulagt morð,“ sagði Luca Pancalli, formaður ítalska knattspyrnusambandsins. Eftir atburði föstudagsins var ákveðið að fresta öllum leikjum á Ítalíu þessa helgi.

Skiptar skoðanir eru um þá ákvörðun að hætta við alla leiki á Ítalíu þótt flestir virðast á þeirri skoðun að það hafi verið rétt. Sumir ganga svo langt að vilja að árs hlé verði gert á ítölskum fótbolta á meðan gerð verði bragarbót á ástandinu. Alls 22 fótboltabullar voru handteknar eftir að upptökur úr öryggismyndavélum voru skoðaðar. - egm

Félaga Hugsið

Burt úr bænum ...

... MEÐ HÓPINN PINN

ISLENSKA/SIALS/FILU/36002/01/2007

HAGSTÆÐAR HÓPAFERÐIR

Vinnufundur, árshátíðir eða hvaða tilefni sem er. Þegar styrkja skal liðsheimilina og eiga góða stund saman eru hagstæðar hópiferðir svarið.

Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Þórshöfn í Færeyjum.

Allar upplýsingar í síma 570 3075 og hopafeild@flugfelag.is

➔ flugfelag.is

Egilsstaðir

Ísafjörður

Akureyri

Vestmannaeyjar

Þórshöfn í Færeyjum



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



KOBE Hafði betur í rímmunni gegn Arenas um helgina. Hér treður hann með tilþrifum. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-deildin í fyrrið: Kobe gekk frá Arenas

Kobe gekk frá Arenas

NBA Kobe Bryant skoraði 39 stig í sigri Los Angeles Lakers á Washington Wizards í fyrrið, 118-102. Stigahæstur hjá síðar-nefnda liðinu var Gilbert Arenas með 37 stig en þeir tveir eru stigahæstu leikmenn NBA-deildarinnar í dag.

Síðast þegar liðin mættust, í Los Angeles í desember, fór Arenas hamförum og skoraði 60 stig. Nú áttust liðin við í Washington.

Eftir leikinn í desember gagnrýndi Kobe Arenas harkalega og sagði hann samviskulausan og með hræðilegan skotstíl.

Í leikslok í fyrriðt fagnaði Kobe sigrinum mjög, barði sér á brjóst og rétti vísifingurinn á loft til að sýna áhorfendum hver væri bestur.

- esá

Breska meistaramótið:

Vilja endur-vekjja mótið

FÓTBOLTI Skosk, norður-írsk og írsk knattspyrnuvöld hafa lýst yfir áhuga á að endurvekjja breska meistaramótið. Á hverju ári í heila öld mættust landslið Bretlandseyja í árlegri keppni sem nefndist British Home Championship, síðast árið 1984.

Ensk og velsk knattspyrnuvöld munu ekki vera eins spennit en það er Alex McLeish, landsliðsþjálfari Skota.

„Eg er ekki hrifinn af þýðing- arlausum vináttulandsleikjum en þetta væri öðruvísi. Eg myndi fagna því ef keppnin yrði endurvakin.“

Talið er líklegt að England yrði ekki með og að Írar tækju þeirra sæti.

- esá



UPSON Er nú kominn til West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Matthew Upson:

Hringdi látlaust í stjórnann

FÓTBOLTI David Gold, stjórnarformaður Birmingham, sagði að Matthew Upson og umboðsmaður hans hefðu hringt látlaust í stjórn liðsins og aðra forráðamenn félagsins, til að leyfa sér að fara til West Ham.

„Við vildum ólmir halda Upson en efumst um að hann hefði lagt sig 100% fram hefðum við ekki selt hann,“ sagði Gold. Samningur Upson við Birmingham átti að renna út í sumar og gerði hann ljóst að hann myndi ekki endurnýja hann.

- esá

Félagaskipti Javier Mascherano og Carlos Tevez gætu dregið dilk á eftir sér fyrir West Ham:

Krafist þess að stig verði dregin af West Ham

FÓTBOLTI Þau félög sem eiga í hvað mestri samkeppni við West Ham í ensku úrvalsdeildinni um að sleppa við fall úr deildinni hafa nú mörg hver krafist þess að stig verði dregin af félaginu. Er það vegna félagaskipta Argentínumannanna Javier Mascherano og Carlos Tevez sem gengu í raðir West Ham í haust.

Forráðamenn Sheffield United, Wigan og Watford vilja meina að með þessum félagaskiptum hafi reglur ensku úrvalsdeildarinnar verið brotnar.

„Það er klárt mál að það stangast á við reglur úrvalsdeildarinnar ef leikmenn félaga eru að einhverjum hluta í eigu annarra

einstaklinga,“ sagði Terry Robinson, stjórnarformaður Sheffield United.

Forsaga málsins er sú að þegar Mascherano og Tevez komu til West Ham var íranski viðskipta- jöfurinn Kira Joorabchian á góðri leið með að kaupa West Ham. Það er talið að hann eigi samningsrétt leikmannanna og hafi því haft milligöngu um félagaskiptin.

Ekkert varð af kaupum Joorabchian heldur endaði félagið í eigu Íslendinga, þeirra Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar.

„Við verðum að stóla á stjórn úrvalsdeildarinnar að réttlætinu verði fullnægt,“ sagði Robinson.

Talið er að Joorabchian eigi 50% hlut í Javier Mascherano en að Carlos Tevez sé að fullu í eigu Íranans. Sé það tilfellið bar þáverandi forráðamönnum West Ham að tilkynna það stjórn ensku úrvalsdeildarinnar á sínum tíma.

„Þetta eru alls engar norna- veidar,“ sagði Mark Ashton, framkvæmdastjóri Watford. „Við verðum einfaldlega að ganga úr skugga um að reglum sé framfylgt.“

- esá

UMDEILT

Javier Mascherano og Carlos Tevez eru hér með fyrverandi stjóra West Ham, Alan Pardew, í haust.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Stílhrein hönnun frá VIOLINO

Nýjung hjá Lystadún Marco



Kynningarverð

á Glæsilegum leðursófum og stólum.



Opið virka daga: 10–18 og laugardaga: 11–16

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

> KEANU REEVES

Fæddur 2. september 1964. Fæddist í Líbanon en fluttist ungur að aldri með móður sinni og systur til New York. Hann er í engum tengslum við föður sinn sem er nú í fangelsi eftir að hafa gert tilraun til eiturfjasmýgls. Í skóla spilaði hann ishokki og fékk viðurnefnið „Veggurinn“ fyrir frammistöðu sína í mark. Hann hætti síðan í skóla til að snúa sér að leiklist. Fluttist til Hollywood og er nú meðal launa-hæstu kvikmyndaleikara þar. Lék í Speed sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** SKRIFAR UM MAT OG MISMÆLI

„Að serða sárasta hungrið“

„Ég ætla að drífa mig heim og serða sárasta hungrið,“ sagði systir mín einhverju sinni við mig og rauk á dyr. Ég hef aldrei hleypt mér út í pælingar um hvað hún gerði þegar hún kom heim til sín, en geng út frá því sem vísu að hún hafi ætlað sér að seðja sárasta hungrið. Um dæma-laust mismæli hlýtur að hafa verið að ræða. Á síðan dettur mér þetta í hug ef ég verð mjög svangur eða þegar ég horfi á matreiðsluþætti í sjónvarpi. Það hleypur í mann einhver matargreidda þegar fólk sést snæða eitthvað gott í sjónvarpi, já og þegar snillingar búa til gírnilegan mat. Hvernig er það með ykkur? Langar ykkur ekki alltaf óstjórnlega í það sem fólk er að borða í sjónvarpi, næstum því óháð því hvað það er sem verið er að borða? Lifandi köngul í heitu súkkulaði er gírnilegur matur í sjónvarpi, en sem betur fer sá ég þáttinn að vetrarlagi



OSTRUR ERU GÍRNILEGRI Í SJÓNVARPI EN Í RAUN OG VERU.

því nóg er af áttfætlum í öllum stærðum og gerðum í hverfinu þar sem ég bý. Og ég á alltaf súkkulaði inni í skáp. Annars tengjast mismæli mat á fleiri vegu fyrir mér. Ég hugsa til dæmis oft um húð-sjúkdóma þegar ég borða morgunmat. Ég brosi líka alltaf út í annað. Hún mamma mín sagði nefnilega eitt sinn við mig og bróður minn með grátstafina í kverkunum. „Þeir halda að ég sé með Serios.“ Við bræðurnir migum næstum því á okkur af hlátri, þótt það væri ekki viðeigandi því móðir okkar var greinilega eitthvað veik. Þeir héldu víst að hún væri með Psoriasis, en síðar kom í ljós að svo reyndist ekki vera. Guði sé lof, því annars hefði hláturskastíð yfir farsjúkri móður verið hræðilegt í minningunni en atvikið ekki alltaf jafn fyndið.

EKKI MISSA AF



▶ **19.00 Ítölsku mörkin SKJÁR-SPORT**



▶ **21.00 Tuesday Night Book Club SIRKUS**



▶ **19.40 Jamie Oliver STÖÐ 2**



▶ **21.00 Heroes SKJÁR EINN**



▶ **21.15 Lost RÚV**

☀ SJÓNVARPIÐ

12.45 HM í handbolta Leikurinn um þriðja sætið endursýndur.
14.15 HM í handbolta Úrslitaleikurinn endursýndur.
15.45 Helgarsportið (e)
16.10 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum.
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Fyndin og furðuleg dýr (9:26)
18.08 Bú! (19:26)
18.16 Lubbi læknir (45:52)
18.30 Ástfangnar stelpur (7:13) (Girls in Love II) Bresk þáttaröð um unglingsstelpur.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Jörðin (1:6) (Planet Earth) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem brugðið er upp svipmynd af Jörðinni, náttúru hennar og dýralífi. Í þessum þætti er fjallað um ísheimana á Suðurskautlandinu og norður-skautssvæðinu og dýralífið þar.
▶ **21.15 Lifsháski** (Lost)
22.00 Tíufréttir
22.25 Ensku mörkin (e)
23.20 Spaugstofan (e)
23.55 Kastljós
00.25 Dagskrárlök

☀ BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Speed (Leifturhraði) Sígil spennu-mynd. Stranglega bönnuð börnum.
08.00 Two Family House
10.00 Looney Tunes. Back in Action
12.00 Moonlight Mile (Að sjá ljósið)
14.00 Two Family House
16.00 Looney Tunes. Back in Action
18.00 Moonlight Mile (Að sjá ljósið)
20.00 Speed (Leifturhraði) Sígil spennu-mynd. Stranglega bönnuð börnum.
22.00 Courage under Fire (Hetjudáð) Stranglega bönnuð börnum.
00.00 Breathtaking (Hrifandi)
01.50 Dreamcatcher (Draumagildran)
04.00 Courage under Fire



07.00 Animaniacs
07.20 Grallararnir
07.40 Taz-Mania 1
08.00 Oprah
08.45 Í finu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Related (3.18) (Systrabönd)
10.05 Ganga stjörnurnar aftur?
11.15 60 mínútur (60 Minutes)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Nágrannar (Neighbours)
13.05 Sisters (Systur)
13.50 Wife Swap (6.12)
14.35 Listen Up (11.22) (Takið eftir)
15.00 Punk'd (4.16) (Gómaður)
15.25 Ljónagrín (Father of the Pride)
15.50 Tíburasysturnar (8.22)
16.13 Skrímslasplíði (38.49)
16.33 Animaniacs
16.53 Smá skritnir foreldrar
17.18 Véla-Villi
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbours)
18.18 Íþróttir og veður
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
▶ **19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi** (16.26) Ný og fersk þáttaröð þar sem frægasti sjónvarpskokkur í heimi eldar fljótlega og framandi rétti með og fyrir góða vini sína.
20.05 Elvis (2.2) Seinni hluti þessarar margverðlaunuðu sjónvarpsmyndar sem segir á einstaklega aðgengilegan og áhrifaríkan máta frá tilurð hins eina sanna konungs roksins; Elvis Presley.
21.35 American Idol (5.41)
22.15 American Idol (6.41)
23.00 Prison Break (14.22) Harðræði Bellicks kemur honum loksins rækilega í koll og fyrverandi eiginkona Mahone leitarstjóra skýtur á ný upp kollinum. Bönnuð börnum.
23.45 Shark (4.22) (Hákarlinn)
00.30 Bogus Witch Project (Normabull)
02.00 Afterlife (8.8) (Framhaldslíf)
02.50 Fistful of Dollars
04.25 Wife Swap (6.12) (e)
05.10 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

☑ SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld (22.24)
19.55 3. hæð til vinstri (5.30)
20.00 Entertainment Tonight
20.30 Janice Dickinson Modeling Agency Janice Dickinson er fyrsta ofur-módel heims ... að eigin sögn. Eftir að hafa verið dómarar í þáttunum America's Next Top Model í nokkur ár, fannst Janice kominn tími til að breyta til. Hún ákvað því að opna sína eigin umboðsskrifstofu og til að gera verkefnið enn meira spennandi lætur hún taka allt ferlið upp fyrir sjónvarpið. Meira en 500 manns mættu í opnar prufur sem Janice hélt.
▶ **21.00 Tuesday Night Book Club - NÝTT** Í þáttunum Tuesday Night Book Club fáum við að fylgjast með hópi af húsmæðrum sem hittast öll þriðjudagskvöld í saumaklúbbi. Þar ræða þær allt á milli himins og jarðar og upplýsa vandamál sín sem og ánægju, hvort sem um er að ræða kynlíf eða fjölskylduvandamál. Fylgstu með raunverulegum húsmæðrum ræða saman opin-skátt fyrir framan myndavélarnar.
22.00 Star Stories
22.30 Trading Spouses
23.20 Insider
23.45 Twenty Four (13.24) (e) (24 - 2)
00.30 Twenty Four (14.24) (e) (24 - 2)
01.15 Seinfeld (22.24) (e)
01.40 Entertainment Tonight (e)
02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

Ω OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

🕒 SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
14.50 Vörutorg
15.50 What I Like About You (e)
16.15 Game tívi (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Rachael Ray
18.15 Melrose Place
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Just Deal Bandarísk unglingsería um þrjá ólíka vini. Dylan er fjórugur fótbolta-strákur og yngri bróðir helstu íþróttastjórnu skólans, Jermaine er gáfnaljós sem stefnir á að komast í Harvard-háskóla og Ash er nýja stelpa í hverfinu.
20.00 The O.C. Bandarísk unglingsería. Pakkargjörðarhátíðin er gengin í garð og kalkúnninn er ekki eini safaríki rétturinn. Summer mætir með gesti í heimsókn og það er komið að lokauppgjöri Ryans og Volchoks.
▶ **21.00 Heroes** Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika. Peter fær vísbendingu um það hvernig hann eigi að bjarga heiminum. Lögreglu-maðurinn Matt notar hæfileika sína til að bjarga hjónabandinu, stríparinn Niki kemst að því að eiginmaður hennar er sloppinn úr fangelsi og klappstýran Claire treystir pabba sínum fyrir leyndarmáli.
22.00 C.S.I.
23.00 Everybody Loves Raymond
23.25 Jay Leno
00.15 Boston Legal (e)
01.15 Beverly Hills 90210 (e)
02.00 Vörutorg
03.00 Melrose Place (e)
SKJÁR SPORT
14.00 Watford - Bolton (frá 3.fe)
16.00 Juventus - Rimini (frá 3.fe)
18.00 Prumuskot
▶ **19.00 Ítölsku mörkin**
20.00 Tottenham. - Man. Utd. (frá 4.fe)
22.00 Að leikslokum Snorri Már fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með kunnunum sparkfræðingum.
23.00 Ítölsku mörkin
00.00 Wigan - Portsmouth (frá 3.fe)
02.00 Dagskrárlök

HEILSU-KJÖTFARS

698 kr./kg

NÝTT

GALLERÍ

KJÖT

Í NAUTI ERUM VIÐ BESTIR

GRENSÁSVEGI 48 • SÍMI 553 1600

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.35

American Idol

Leitin að næstu söngstjörnu Bandaríkjanna er hafin í sjötta sinn í þessum vinsælasta raunveruleikasjónvarpsþætti heims. Þau eru aftur mætt til leiks, Simon, Randy og Paula, og hafa lofað því að keppnin að þessi sinni verði full af óvæntum uppkomum og nýjum leikreglum sem eigi eftir að koma öllum í opna skjöldu. Nú hafa farið fram áheyrnarprufur í fjórum borgum, Minneapolis, Seattle, Memphis og New York, og þótt þar hafi verið á ferð einhverjar skrautlegustu áheyrnarprufur frá upphafi þá leyndust inn á milli kandidatar sem eiga örugglega eftir að komast í úrslit og ná þar langt.



▶ VIÐ MÆLUM MED PLANET EARTH Á RÚV KL. 20.20

Ríkissjónvarpið sýnir í kvöld fyrsta þátt af sex í breska heimildamyndaflokknum Jörðin þar sem brugðið er upp svipmynd af Jörðinni, náttúru hennar og dýralífi. Í þessum þætti er fjallað um ísheimana á Suðurskautslandinu og norðurskautssvæðinu og dýralífið þar. Mögnuð myndskreið eru sýnd í þessum fræðandi þáttum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Fréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Laufskálinn 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Vilt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik eftir Elías Mar. Höfundur les. (2:11) 14.30 Miðdegistónar 15.00 Fréttir 15.03 Krossgötur 16.00 Fréttir 16.10 Veðurfregnir 16.13 Hlaupanótan 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir

18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Vítinn
19.30 Laufskálinn
20.10 Söngvámál
21.00 Ungir visindamenn (1:10)
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Lestur Passíusálma hefst (1:50)
22.25 Myrkir músíkdagar 2007 - Frá tónleikum kvartetts Kammersveitar Rvk.
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

14.05 Evrópumótariðin

17.05 Spænski boltinn

18.45 Ameríski fótboltinn (Indianapolis - Chicago) Útsending frá sjálfum úrslitaleiknum í ameríska fótboltanum.

21.15 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrífín og umdeildu atvikin.

22.00 Coca Cola-mörkin

22.30 Football Icon Enskur raunveruleikabáttur þar sem ungur knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Chelsea.

23.15 Football and Poker Legends

Á heimsmótaröðinni í póker eru sautján alþjóðleg mót víðs vegar um heiminn. Inni á milli fara fram óhefðbundnar mót þar sem frægt fólk fær tækifæri við spilaborðið.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse 6.10 Skráll 6.30 Anton - min hemmelige ven 7.00 Gurli Gris 7.05 Alfons Åberg 7.15 Charlie & Lola 7.30 En dag i haven 8.00 Kaptajn og besætning byder velkommen 8.30 Samfundets udvalgte 9.30 Overskud med omtanke 10.00 Grauballemanden 10.30 Bobler i blodet 11.00 TV Avisen 11.10 21 Søndag 11.50 DR1 Dokumentaren - Tragedien i Tønder 12.50 Aftenshowet 13.20 Vagn hos kiwieme 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Snure Snup som bokser 15.35 Monster allergi 16.00 Troldspejlet 16.30 Den lille brand-skole 16.55 Gurli Gris 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Genbrugsguld 19.00 Kløvedal i Kina 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.40 Børnene på Leningsgradsky 23.15 Hjerteflimmer

NRK1

8.30 Er vi lykkelige, far? 9.00 Siste nytt 9.05 Med hjertet på rette staden 10.00 Siste nytt 10.05 Ut i naturen 10.30 Migropolis: Å tone flagg 11.00 Siste nytt 11.05 En kongelig familie 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Bokbussen 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel 14.00 Siste nytt 14.05 Drakejegerane 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Energikampen 2006 15.30 Totalt genialt! 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Sauer 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Olje- og energimisjonæren 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Forbrytelsen 21.30 Kos og kaos 22.00 Kveldsnytt 22.15 Store Studio 22.55 Dalziel og Pascoe 0.00 Dalziel og Pascoe

SVT 1

8.30 Världen 9.30 Ekonomicoaching 9.55 Ramp om matematik 10.25 Mattepatrullen 10.35 Mattepatrullen 11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 13.15 Brot och straff 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Under stjärnorna 16.30 Krokoxax 17.00 Charlie och Lola 17.15 Räkna med skägg 17.30 Dagens ramsa 17.35 Orkestern och barn som komponerar 17.40 Dr Dogg 17.55 Greta-video 18.00 Lilla sportspegeln 18.30 Rapport 19.00 Saltön 20.00 Plus 20.30 Orkesterliv 21.00 Supernatural 21.45 Rapport 21.55 Kulturnyheter 22.05 Bingo Royale 22.50 Sopranos 23.40 Sändningar

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Við sýnum seinni hluta margverðlaunaðrar framhaldsmyndar sem segir á áhrifaríkan máta frá lífi Elvis Presleys, konungs rokksins. Jonathan Rhys-Meyers hlaut Golden Globe verðlaunin árið 2006 fyrir túlkun sína á Elvis og þykir hann nauðalíkur honum bæði í útliti og fasi. Einstök mynd sem enginn má missa af.

ELVIS KONUNGUR ROKKSINS

seinni hluti í kvöld kl. 20:05

Í KVÖLD
SEINNI HLUTI
KL.20:05





... Heiðar Helguson fyrir að skora fyrir Fulham gegn Newcastle og tryggja liðinu þar með sinn fyrsta sigur síðan í desember.

Meistarinn í stúdentapólitíkina

„Ekki blundar nú í mér mikill stjórnmalamaður, í það minnsta ekki enn þá,“ segir Jónas Örn Helgason, handhafi nafnbótarinnar Meistarinn eftir sigur í samnefndum spurningaþætti Loga Bergmanns Eids-sonar.

Jónas situr í sextánda sæti á lista Röskvu til Stúdentaráðs en varla hefur það farið fram hjá nokkrum háskólástu-ent að stúd-

entakosningar eru á næsta leiti. „Ég hef þó vissulega ákveðnar skoðanir og skoðaði aðeins minn hug. Ákvað síðan að láta til mín taka,“ bætir hann við.

Jónas ætlar ekki að verja titilinn heldur einbeitt sér alfarið að skólanum og pólitíkinni. „Ég komst að þessari niðurstöðu fyrir ekki margt löngu. Skólinn tekur sinn toll og svo eru bara aðrir hlutir sem eru mikil-

vægari um þessar mundir,“ útskýrir Jónas sem hittir fyrir fornan fjanda hjá Röskvu því gamall andstæðingur hans úr þáttunum, Steinþór Helgi Arnsteinsson, er einnig á lista Röskvu. „Við erum finnr félagar, bárum út kosningablaðið saman og styttum okkur stundir með léttu spurningakeppni.“

Aðspurður hvort stjórn- málaaflið fengi að njóta sérstaks fjárstuðnings sökum vinningsfjárens úr Meistarinum vildi Jónas lítið um það segja. Hann er þó

ekki eina sjónvarpsstjarnan sem er á mála hjá Röskvu því þar er einnig að finna Jóhönnu Völu sem margir Idol-áddáendur ættu að kannast við. Hún stóð eftir- minnilega upp í hárinu á Bubba Morthens og vakti athygli fyrir sérstaka frammistöðu.

- fgg



JÓHANNA VALA Söng sig inn í hug og hjarta þjóðarinnar fyrir nokkrum árum í Idol-keppninni.



JÓNAS ÖRN Ætlar ekki að verja titilinn heldur einbeitt sér að skólanum og pólitíkinni.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2 FITA 6 hvað 8 fugl 9 hætta 11 tveir eins 12 hvæsa 14 skíta 16 nafnorð 17 loft 18 vafi 20 tónlistarmaður 21 steintegund.

LÓÐRÉTT
1 OFNEYSLA 3 belti 4 klapp 5 útdeildi 7 forviða 10 nálægt 13 arr 15 söt 16 veiðarfæri 19 á fæti.

LAUSN
LÁRÉTT: 2 tól, 6 ha, 8 lóa, 9 ógn, 11 ff, 12 fnæsa, 14 dríta, 16 no, 17 gas, 18 efi, 20 kk, 21 talk.
LÓÐRÉTT: 1 óhóf, 3 ól, 4 lófatak, 5 gaf, 7 agndofa, 10 nær, 13 sig, 15 aska, 16 net, 19 il.

AMUND BJØRKLUND: HÁLFUR ÍSLENDINGUR SEMUR FYRIR STØRSTJØRNUR

Samdi lag fyrir Beyoncé

Lagið Irreplacable með söngdrottningunni Beyoncé hefur trónað í efsta sæti Billboard Hot 100-listans síðastliðnar sjö vikur. Einn lagahöfundanna er hinn hálf-íslenski Amund Björklund.

Amund, sem er lagahöfundur og upptökustjóri, er búsettur í Osló þar sem hann rekur hljóðverið Espionage Studios ásamt vini sínum og samstarfsmanni, Espen Lind.

„Irreplacable er það síðasta sem við höfum sent frá okkur, og þetta er besta gengi sem við höfum náð,“ sagði Amund ánægður. „Það er draumur allra upptökustjóra og lagahöfunda að vera í fyrsta sæti á þessum bandaríska lista. Þetta er í fyrsta skipti sem við náum því, og maður veit ekki hvort það gerist aftur,“ sagði hann.

Amund er fæddur og uppalinn í Noregi. Móðir hans, Nanna Þórunn Hauksdóttir, flutti til Osló um 1970. „Hún og faðir minn, Ivar Björklund, fluttu svo saman til Tromsø þar sem ég er fæddur,“ sagði Amund. Hann talar ekki íslensku en skilur tungumálið þó.

„Ég hef aldrei búið á Íslandi, en þegar ég var lítill fórum við í löng sumarfrí til Íslands á hverju ári,“ sagði hann.

Að menntaskóla loknum hélt Amund til Osló og stofnaði Espionage ásamt Espen Lind. „Við vinnum mest með popptónlistarmönnum, þótt við gerum margt annað líka,“ sagði Amund, en þeir Espen hafa meðal annars samið lög fyrir Jessicu Simpson, bresku stúlknasveitina Atomic Kitten og



Í FÝRSTA SÆTI Lagið Irreplacable, sem Amund samdi í samvinnu við þrjá norska lagahöfunda, trónir enn á toppi Billboard Hot 100-listans.

norsku söngkonuna Sissel Kyrkjebø. Á síðasta ári bætti Amund enn við sig verkefnum og tók sæti dómara í myndinni að hún komi út um alla Asíu á næsta ári. Jájá, nóg að gera á stóru heimili,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Stormsker drjúgur með sig.

Íslenski tónlist? „Já, ég fæ alltaf haug af íslenskum geisladiskum í jólagjöf frá fjölskyldunni, svo ég geti fylgst aðeins með því sem er að gerast á Íslandi,“ sagði Amund, en móðurfjölskylda hans býr hér á landi. „Maður heyrir samt lítið af popptónlist frá Íslandi,“ bætti hann við. Amund sagðist þó ekki sýta það sérstaklega. „Það er mikið af jaðartónlist á borð við Sigur Rós, sem mér finnst mjög gott,“ sagði Amund. „En ég er meira í poppheiminum,“ sagði hann.

sunna@frettabladid.is

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Nautasæði.
- 2 Þorsteinn Guðmundsson.
- 3 Ásgeir Eiríksson.

**FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR**

www.visir.is



AMUND BJØRKLUND Hálf-íslenski lagahöfundurinn og upptökustjóri Amund á mikilli velgengi að fagna í Noregi og á heimsvísu.

Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi
Námskeið verður haldið 15 febrúar frá kl 18 – 21.00. Suðurlandsbraut 24, 3 hæð - 108 Reykjavík.

Námskeiðið Verndarar barna boðar byltingu í fræðslu, forvörn- um og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öflugra fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð.

Verð Kr. 9.000
Nánari upplýsingar og skráning: svava@blattafram.is eða í síma 893-2929

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

Svava Björnsdóttir

Stormsker á Asíumarkað

„Þessi plata er ekkert endilega hugsuð fyrir íslenskan markað. Ég hef verið í viðræðum við eitt af stærstu kompaníum í Bangkok og vel inni í myndinni að hún komi út um alla Asíu á næsta ári. Jájá, nóg að gera á stóru heimili,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Stormsker drjúgur með sig.

Þegar þau voru sjö ára gömul bæði tvö. Platan er öll til hennar.

armanna á borð við Diönu Ross, Bobby Brown og Rolling Stones. Hann heitir Ron Zelst og selst vel.“

Hinn sérstæði tónlistarmaður hefur á undanföllum mánuðum dvalið langdvöllum víðs vegar um Asíu og platan er öll tekin upp í Bangkok með fulltingi tónlistarmanna sem þar dvöldu þá við störf og leik.

„Á plötunni er til dæmis ein söngkona sem heitir Myra, taí-filippísk-kinversk og er alveg ótrúlega lunkin. Hún syngur með þeim hætti sem aðeins er á færi fimm til sex söngkonu í heimi. Annar söngvari sem kemur við sögu heitir Gregory Carol og hefur sungið með Santana og Robert Palmer. Upptökumaðurinn hefur starfað með gómu heimsþekktu tónlist-

Sverrir segir þetta mikla atvinnumenn sem starfa í Bangkok en á hinni nýju plötu er sungið á ensku. Tölf lög flutt á 73 mínú- um. „Fólk fær mikið fyrir pening- inn. Þetta eru svona ... trega- blandnir ástarsöngvar sem samdir eru víðs vegar um Asíu.“



- jbg

SVERRIR STORMSKER Syngur tregablandna ástarsöngva.

BT AMILO P2 CORE X VISTA



FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

CCN:ISL-110103-002
FSC AMILO P2 CORE X VISTA
Intel Core 2 Duo T7200
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Windows Vista lykklaborð

Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works Vista
Norton Internet Security Suite 2007
PowerDVD



15.4"

NYTT!

Nýja stýrikerfið frá Microsoft :
Windows Vista

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

NYTT!

Bættu við 1.416- kr á mánuði
(Visa vaxtalaust) fyrir:
79G-0007
OFFICE 2007 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

7.007**

Core 2 Duo 7200

ATI Radeon X1400

1GB minni

7.007

15.799

189.588

160GB harður diskur

DV Ready

CrystalView

**Tölvu- og tækjalán 36 mån.

*Vaxtalaust 12 mån.

Staðgreitt

WINDOWS VISTA STÝRIKERFIÐ FRÁ MICROSOFT



- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Fæst í BT

OFFICE 2007 HUGBÚNAÐURINN FRÁ MICROSOFT



Fæst í BT

Loksins komið!

FLAKKARI

LACIE

301103E-LAC
500GB F.A. PORSCHE USB2

500 GB



24.999

FLAKKARI

LACIE

300804
LaCie 80GB USB2.0 MOBILE BUS
POWERED
Parf ekki straumbreyti

Aðeins 180gr



12.999



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Hið dularfulla X

Nú eru innan við 100 dagar til kosninga. En það er kallað kosningalýðræði þegar lýðnum, fólkinu í landinu, er gefinn kostur á því að tjá vilja sinn og drauma um hvert stefna skuli og hvernig þróa beri samfélagið.

MIÐAÐ við þá tækniöld sem við lifum á er hin lýðræðislega tjáning okkar fremur frumstæð. Þótt við kunnum öll að lesa og skrifa má viljayfirlýsing okkar aðeins vera einn bókstafur á lengd. Og til að tjáning okkar verði afdráttarlaus og einföld eigum við öll að skrifa sama bókstafinn. Bókstafinn X.

BÓKSTAFURINN X er ekki einungis bókstafur að atvinnu heldur þjónar í frístundum sem tákni um eitthvað sem er óráðið eða dularfullt – eins og framtíðin. Þennan bókstaf setjum við fyrir framan þann bókstaf sem við teljum að komist næst því að lýsa framtíðinni eins og við viljum hafa hana. Við getum valið um margvíslega framtíð. Til dæmis B-framtíð, D-framtíð, F-framtíð, S-framtíð og V-framtíð.

ÞRÁTT FYRIR þessa einföldu valkosti er líklegast að framtíðin verði ekki hreinnræktuð B-, D-, F-, S- eða V-framtíð heldur samsett úr tveimur eða fleiri bókstöfum. Síðasti áratugur hefur tildæmis verið DB-áratugur (með smástafabrengli um tíma: BD-). Nú eigum við að velja okkur bókstaf fyrir næstu fjögur ár. Viljum við B-ár, D-ár, F-ár, S-ár eða V-ár?

ÞEGAR við höfum fengið tækifæri til að velja er okkar hlutverki í lýðræðinu lokið að sinni. Þá taka við þeir sem eiga bókstafina sem við veljum. Þá tekur við bókstafareikningur, algebra lýðræðisins, sem snýst ekki endilega um hvað sé gott fyrir okkur heldur hvað sé best fyrir bókstafina – því að eins og þar stendur „kjósundur koma og fara – en bókstafurinn blífur“. DB-tímabil? SV-tímabil? DS-tímabil? SVB-tímabil? Möguleikarnir eru margir. Flóknir útreikningar bíða þeirra sem eiga bókstafina og kunna bókstafagaldur og algebra. Hið dularfulla X fær fjögurra ára frí og það fáum við líka. Enda vorum við bara beðin um að leggja til eitt tákni sem hefur enga merkingu og sennilega okkur fyrir bestu að þeir sem eigi alvöru bókstafina fái næði til að ráða útkomunni?

Nýr Chevrolet Lacetti Station á aðeins 26.980,- á mán.*

- 100% fjármögnun
- Engin útborgun
- Í erlendri mynt
- 3 ára ábyrgð



Chevrolet Lacetti frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi
Verð: 1.899.000,-

Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!

Lacetti

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 26.980 kr. á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum. Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér. **SJÓVÁ** FJÁRMÖGNUN



Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.



CHEVROLET



SAMSUNG

SAMSUNG Q1457 / Q1657

SAMSUNG þvottavél
1400 snúninga, 7,5 kg.
Överju stór tromla – 57,5 l.
Vatnsnotkun 60 l pr. 7,5 kg.
Mjög hljóðlát – aðeins 50. db

TILBOÐ:
Kr. 99.900 (1400 snún.)
Kr. 109.900 (1600 snún.)



AEG

LAVAMAT 52820

AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnbord

TILBOÐ:
Kr. 69.900
(Áður: Kr. 85.914)

Þvottavélar,
þurrkarar og
uppvottavélar
á TILBOÐSVERÐI!

www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800

SMÁRALIND · Sími 530 2900

AKUREYRI · Sími 461 5000

KEFLAVÍK · Sími 421 1535

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT